

# BSRB *teðindi*

Maí 2009 1. tölublað 18. árgangur

**Baráttukveðjur 1. maí  
Á næsta þingi skilja leiðir  
Lögreglan og búsáhaldabyltingin  
Formaður á hlaupum  
Lýðræði fjármagnsins  
Atvinnuleysið er versti óvinur samfélagsins**





## Alþjóðlegur baráttudagur verkalýðsins

Baráttufundir verða um allt land 1. maí á alþjóðlegum baráttudegi verkalýðsins. Þórveig Þormóðsdóttir formaður Félags starfsmanna stjórnarráðsins og jafnréttisnefndar BSRB verður ræðumaður BSRB á fundinum á Austurvelli. Í Reykjavík verður safnast saman kl. 13.00 á Hlemmi þar sem hljómsveit Sigtryggs Baldurssonar leikur. Lagt verður af stað kl. 13.30 niður Laugaveg á Austurvöll þar sem útifundurinn verður haldinn. Lúðrasveit verkalýðsins og Lúðrasveitin Svanur leika fyrir göngunni. Auk ræðumanna leikur hljómsveitin 200.000 Naglbítar fyrir fundargesti. BSRB býður í 1. maí kaffi í BSRB-húsinu Grettisgötu 89 eftir útifundinn.

## Efnisyfirlit

|  |    |
|--|----|
| Á næsta þingi skilja leiðir                    | 3  |
| Styrktarsjóður BSRB                            | 4  |
| Trúnaðarmannafræðsla BSRB og FA                | 5  |
| Fólk er að læra allt lífið                     | 6  |
| Spurt og svarað um réttarstöðu                 | 8  |
| Viðbrögð BSRB við kreppunni                    | 12 |
| Ísland og ESB                                  | 14 |
| Aðilaskipti að fyrirtækjum                     | 15 |
| Ábyrgðasjóður launa                            | 15 |
| Formaður á hlaupum                             | 16 |
| Lýðræði fjármagnsins                           | 18 |
| Grænu grösín í Danmörku                        | 20 |
| Lögreglan og búsáhaldabyltingin                | 21 |
| Atvinnuleysið er versti óvinur hvers samfélags | 24 |
| Starfslokanámskeið BSRB                        | 27 |
| Breyting á orlofshúsamálum hjá BSRB            | 29 |

## 1. maí baráttudagur launafólks

**Bankanna skal bjarga neyð  
-burt með leiða skapið-  
Fátæklinga fylking breið,  
fljótt mun greiða tapið.**

Svo orti kvæðamaðurinn Steindór Andersen um bankahrunið sl. haust og vissulega hefur allur almenningur orðið fyrir barðinu á kreppunni. Hátt í 20 þúsund eru atvinnulausir, kaupmáttur hefur dregist saman, umsamdar launahækkanir eru dregnar til baka, lán hafa rokið upp úr öllu valdi og fjöldi heimila horfir fram á gjaldþrot ef ekkert er að gert. Almennungur sýndi með búsáhaldabyltingunni að hann vill draga þá aðila og þá hugmyndafræði til ábyrgðar sem olli hruninu.

1. maí safnast launafólk um allan heim saman til að leggja áherslu á kröfur um réttlátt samfélag þar sem frelsi, jafnrétti og bræðralag er í fyrirrúmi. Efnahagshrunið sl. haust opnaði augu þjóðarinnar fyrir því misrétti sem grasserað hefur undanfarin ár í kjölfar græðgisvæðingar samfélagsins í tilraunaeldhúsi nýfrjálshyggjunnar.

Aldrei hefur verið mikilvægara en nú að standa vörð um grunnstoðir samfélagsins. Þar eru mikilvægustu stoðirnar menntun og heilbrigðismál.

Launafólk krefst þess í dag að kjör verði jöfnuð í samfélaginu. Kjarabilið hefur farið ört breikkandi. Því er alfarið hafnað að almennt launafólk verði látið bera allan herkostnaðinn af óráðsíu og bruðli undanfarinna ára. Nú er komin röðin að þeim sem fengu auðæfi þjóðarinnar á silfurfati og eyddu þeim í sukk og svínarí.

Verkalýðshreyfingin á Íslandi gengur í dag undir kjörorðunum: Verjum velferðina, virkjum lýðræðið, upprætum spillingu og byggjum upp samfélag jafnréttis, frelsis og bræðralags.

*Sigurður Á. Friðþjófsson*

**BSRB**  
*tíðindi*

Útgefandi BSRB Grettisgötu 89

Sími: 525 8300 Fax: 525 8309

Netfang: safi@bsrb.is

Heimasíða: www.bsrb.is

Ritstjóri: Sigurður Á. Friðþjófsson

Ábyrgðarmaður: Helga Jónsdóttir framkvæmdastjóri BSRB.

Ljósmyndir: Þorleifur o.fl. Forsíðumynd Júlíus Sigurjónsson.

Myndir af formönnum aðildarfélaganna, Bára

Umbrot: Sáfí

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja hf.

BSRB-tíðindi eru gefin út í 20.000 eintökum og send öllum BSRB-félögum.

Eftirlaunaþegar og aðrir sem óska eftir að fá blaðið sent hafi samband við skrifstofu BSRB.



Ögmundur Jónasson tekur við lykjavöldunum í heilbrigðisráðuneytinu af Guðlaugi Þór Þórðarsyni.

## Á næsta þingi skilja leiðir

**S**ama hvernig þessar kosningar fara, og óháð því hverjar verða lyk-  
tir um stjórnarsamstarf eða hugsanlegan ráðherra-  
dóm minn, þá mun ég á næsta þingi bandalagsins í haust formlega láta af  
formennsku í BSRB. Verði framhald á stjórnarsamstarfinu yrði ég væntan-  
lega formaður in absentia eins og ég hef verið frá því ný ríkisstjórn tók við  
í byrjun febrúar. Frá þeim tíma hef ég ekkert komið að stjórn bandalags-  
ins, sagði Ögmundur Jónasson formaður BSRB í leyfi og heilbrigðisráð-  
herra, skömmu fyrir kosningar.

*Hvernig verður að segja skilið við BSRB?*

„Bandalagið er mér mjög hjartkært og verður alltaf hluti af mér enda drjúgur hluti af mínu lífshlaupi. Ég hef verið óslitið í stjórn BSRB frá 1981 að undanteknum árunum sem ég var fréttaritari og þáttagerðarmaður Sjón-  
varpsins á Norðurlöndum upp úr mið-  
jum 9. áratugnum og formaður hef ég verið frá 1988 eða í rúma tvo áratugi. Það hefur verið undarleg tilfinning síð-  
ustu vikunnar að sækja ekki stjórnar-  
fundi BSRB en frá október 1988 og fram í febrúarbyrjun á þessu ári hef ég ekki misst af einum einasta stjórnar-  
fundi.“

*En þú hefur í ýmis horn að líta þessa dagana. Þú visaðir í lífshlaupið. Er þetta ekki líf á hlaupum í orðsins fyllstu merkingu?*

„Jú, það má segja það eins og reynd-  
ar um þorra íslensku þjóðarinnar. Þetta er þjóðareinkenni að vasast í mörgu.

En það er vissulega rétt að þetta hefur verið annasamur tími. Ég hef verið að setja mig inn í ný mál og varið miklum tíma í að hitta einstaklinga og hópa að máli, kynnast viðhorfum annarra og koma mínum á framfæri. Þetta hefur verið tími umræðu og ákvarðana.“

*Í hverju er stærsta breytingin fólgin?*

„Stærsta breyt-  
ingin er að fara úr stjórnarandstöðu á Alþingi í stól verkstjórnandans. Stjórnarandstæð-  
ingurinn getur vissulega haft áhrif en hans starf er langtímastreð á meðan verk-  
stjórnandinn getur haft áhrif með ákvörðunum hér

og nú. Að vísu er viðfangsefni stjórnmalanna fyrst og fremst lang-  
tímaverkefni, að hafa áhrif á það hvernig þjóðfélag hugsar. Ef sam-  
félagshugsunin er heilbrigð og sann-  
gjörn þá gera góðir hlutir sig nánast sjálfkrafa. Ef samfélagið fer á hinn bóginn út af sporinu þá er hið gagn-  
stæða uppi á teningnum einsog dæmin sanna hjá okkur Íslendingum um þess-  
ar mundir. Viðfangsefnið nú er að komast aftur á rétt spor. Ég mun ekki láta mitt eftir liggja til að það megi takast.“ Þing BSRB hefur verið ákveð-  
ið 21. til 23. október.



Á aðalfundi BSRB 17. október 2008 voru liðin 20 ár frá því að Ögmundur Jónasson tók við sem formaður BSRB. Í tilefni af því var honum færður blómvöndur.



Starfsmenn Styrktarsjóðs BSRB, Ástríður Jónsdóttir, Ólafur Bjarni Andrússon framkvæmdastjóri og Lilja Ómarsdóttir.

# Styrktarsjóður BSRB

**S**tyrktarsjóður BSRB var stofnaður 1. janúar 2001 en hóf úthlutanir ári síðar. Á þeim tíma sem liðinn er hefur hann fest sig í sessi og eru sjóðfélagar í vaxandi mæli upplýstir um rétt sinn. Umsóknum hefur fjölgað jafnt og þétt frá stofnun sjóðsins og hefur afgreiddum umsóknum fjölgað um 450 milli ára. Mest útgjöld eru vegna sjúkradagpeninga, tannlækningakostnaðar, líkamsræktar, sjúkraþjálfunar og útfararstyrkja. Umsóknum vegna sálfræðiaðstoðar, laseraðgerða, gleraugnakaupa og kaupa á heyrnartækjum hefur fjölgað umtalsvert á milli ára.

Breytingar urðu á rekstri Styrktarsjóðs BSRB nú um áramótin þegar sjóðurinn tók yfir afgreiðslu á styrkjum vegna fæðingarorlofs sem hefur verið á hendi Fjölskyldu- og styrktarsjóðs. Sjóðfélagi sem hefur verið starfandi síðustu 6 mánuði fyrir fæðingu barns og hefur gildan ráðningarsamning við upphaf fæðingarorlofs á rétt á styrk. Styrkurinn miðast við starfshlutfall að lágmarki 25%. Styrkurinn er nú 170.000 kr. miðað við fullt starf. Sjóðfélagar geta nálgast

allar upplýsingar um hvernig sótt er um á vef sjóðsins.

Í ljósi versnandi stöðu á vinnumarkaði og erfiðs efnahagsástands ákvað stjórn Styrktarsjóðs BSRB að auka rétt atvinnulausra til greiðslna úr sjóðnum. Atvinnulausir sem greiða félagsgjald til stéttarfélags sem er aðili að sjóðnum geta sótt um styrki samkvæmt eftirtöldum greinum í úthlutunarreglum sjóðsins; 5a, 5b, 5d, 5h og 6. gr.

Atvinnulausir ávinna sér ekki rétt meðan á atvinnuleysi stendur en viðhalda þeim rétti sem þeir höfðu þegar þeir voru í starfi.

Ákveðið var að breyta ekki upphæðum styrkja fyrir árið 2009. Við bætist nýr flokkur sem er greiðslur vegna fæðingarorlofs. Sjóðurinn lítur björtum augum til framtíðar, tilbúinn til að mæta aukinni þörf félagsmanna fyrir þjónustu.

Allar upplýsingar um sjóðinn, reglugerð, úthlutunarreglur og annað er að finna á vefsíðunni [www.styrktarsjodur.bsrb.is](http://www.styrktarsjodur.bsrb.is)

Starfsmenn sjóðsins eru Ástríður Jónsdóttir, Lilja Ómarsdóttir og Ólafur Bjarni Andrússon framkvæmdastjóri.

## Markmið Styrktarsjóðs BSRB

Sjóðurinn styrkir fyrirbyggjandi aðgerðir á sviði heilsuefingar og forvarnir gegn sjúkdómum. Sjóðurinn greiðir einnig bætur til sjóðfélaga í slysa- og veikindatíðum eftir því sem nánar er mælt fyrir um í úthlutunarreglum.

### Hverjir eiga rétt á styrk úr sjóðnum?

Réttur sjóðfélaga til úthlutunar úr sjóðnum er háður því að greitt hafi verið vegna þeirra í sjóðinn í a.m.k. 6 mánuði fyrir styrkveitingu.

### Hvernig sækir ég um hjá sjóðnum?

Umsókn um styrk skal fyllt út á þar til gerð umsóknareyðublöð. Umsókn skal skilað til skrifstofu Styrktarsjóðs BSRB, Grettisgötu 89 (1. hæð), 105 Reykjavík, ásamt tilskildum gögnum.

### Afgreiðsla styrkja:

Umsókn skal hafa borist skrifstofu sjóðsins eða hafa verið pósthöfð áður en 12 mánuðir eru liðnir frá því að réttur til greiðslu stofnaðist. Umsókn skal skilað inn fyrir 15. hvers mánaðar. Að jafnaði er greitt út síðasta dag hvers mánaðar eða næsta virka dag á eftir.

### Gott að vita:

Réttur sjóðfélaga er bundinn við aðild að sjóðnum líkt og reglur sjóðsins kveða á um. Skila þarf umsóknareyðublaði ásamt frumriti reiknings þar sem fram kemur nafn og kennitala umsækjanda, dagsetningar og upphæð. Starfsmenn sjóðsins hafa heimild til að endursenda umsóknir ef gögn fullnægja ekki reglum sjóðstjórnar.

### Hafa samband:

Hægt er að hringja og fá nánari upplýsingar um starfsemi sjóðsins í síma 525-8380 eða senda inn fyrirspurn í tölvupósti á netfangið:

[postur@styrktarsjodur.bsrb.is](mailto:postur@styrktarsjodur.bsrb.is).  
**Allar umsóknir eru trúnaðarmál.**





# Trúnaðarmannafræðsla BSRB og Félagsmálaskóla alþýðu

**M**etnaðarfull trúnaðarmannafræðsla BSRB og Félagsmálaskóla alþýðu hófst vorið 2008. Þá byrjaði fyrsti hópurinn á fyrsta þrepi náms sem er í fimm hlutum og er hvert þrep í þrjá daga. Fyrsti hópurinn mun útskrifast vorið 2010 en námið gefur 10 einingar á framhaldsskólastigi. Haustið 2008 hóf annar hópur námið og nú upp úr áramótum þriðji hópurinn. Næsta haust er stefnt að því að fjórði hópurinn hefji nám og svo koll af kolli.

Námskeiðið er í fimm hlutum. Í fyrsta hlutanum er lögð höfuðáhersla á vinnumarkaðinn og verkalýðshreyfinguna, störf og stöðu trúnaðarmannsins. Einnig er fjallað um fjölmenningu á vinnustöðum og samskipti á vinnustað. Í öðru þrepi er starfsemi stéttarféлага tekin fyrir, launaútreikningar, fjölmennung á vinnustöðum og vinnuréttur. Í þriðja þrepi er áhersla lögð á hagfræði, samskipti á vinnustað og tjáningu. Í fjórða og fimmta þrepi er lögð áhersla á samtalstækni, náms- og starfsráðgjöf, hnattvæðingu, rökfræði, mismunandi stjórnunarstíla, jafnréttismál, verðlagseftirlit, starfslok, launa-seðla, vinnuaðstöðu og starfsmanna-viðtöl.

Eins og sjá má á þessari upptalningu er námsefnið mjög fjölbreytt og nýttist

trúnaðarmönnum bæði í starfi og einnig sem góð grunnmenntun enda hefur verið gerður mjög góður rómur að náminu af þeim sem hafa sótt það. Þátttakendur sem hafa hafði þetta nám eru nú um hundrað talsins.

Það var Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sem vann námsskrá fyrir trúnaðarmannánámskeiðin og menntamálaráðuneytið viðurkendi síðan námið til eininga á framhaldsskólastigi. Mímir hefur annast kennsluna auk starfsmanna BSRB.

Trúnaðarmannafræðslan hefur verið haldin í BSRB - húsinu en einnig hafa verið haldin námskeið á Ísafirði, í Vestmannaeyjum og á Egilsstöðum og eru þau byggð upp á sama hátt og veita sömu réttindi.





Hópur nemenda í höfuðstöðvum Framvegis í Síðumúla.

# Fólk er að læra allt lífið

**F**ramvegis, miðstöð um símenntun er sjálfstætt fræðslufyrirtæki í eigu BSRB, Sjúkraliðafélags Íslands, SFR - stéttarfélags í almannajónustu, Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og Verzlunarskóla Íslands. Framvegis hefur fram að þessu lagt höfuðáherslu á símenntun stétta í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Þjónusta við aðrar starfsstéttir eins og starfsfólk í skrifstofu-, verslunar- og þjónustustörfum kemur til með að verða stærri þáttur í starfsemi Framvegis á næstu misserum. Þá var á tímabili íslenskukennsla fyrir útlendinga í samvinnu við Alþjóðahúsið.

Framvegis vinnur í nánú samstarfi við framangreinda aðila, Fræðslusetrið Starfsmennt og símenntunarmiðstöðvar landsins. Námskeið fyrir heilbrigðisstéttir hafa verið hryggjarstykkið í

starfsemi miðstöðvarinnar frá upphafi en þjónusta við aðrar starfsstéttir eins og skrifstofu-, verslunar- og þjónustustéttir er vaxandi þáttur í starfsemi fyrirtækisins.

## Hlutverk

Tilgangur Framvegis er að stuðla að aukinni og bættri sí- og endurmenntun og nær þjónustusvæði miðstöðvarinnar um allt land. Miðstöðin sendir námskeið í gegnum fjárfundarbúnað til símenntunarstöðva á landsbyggðinni og til að tryggja þjónustu við landsbyggðarfólk hefur Framvegis í samstarfi við Verzlunarskólann kennt námskeið í gegnum Web CT fjarkennslukerfið. Hefur það gefist mjög vel. Auk þessa býður Framvegis upp á að „ferja“ námskeið út á land sem og að klæðskerasauma námskeið að þörfum viðskiptavina.

## Starfsmenn

Fastráðnir starfsmenn hjá Framvegis-miðstöð um símenntun eru fjórir. Leiðbeinendur sem kenna á námskeiðum eru í kringum 60 talsins og hefur miðstöðin átt því láni að fagna að hafa á að skipa mjög færur einstaklingum úr röðum lækna, bráðataekna, sjúkraliða, hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga, lyfjafræðinga, næringarfræðinga, viðskiptafræðinga og framhaldsskólakennara, svo dæmi séu tekin.

Framvegis kallar saman þverfagleg ráð tvívar á ári í þeim tilgangi að stuðla



Fylgst af athygli með kennslunni





*Starfsmenn Framvegis: Elsa Björk Ásmundsdóttir, Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir, Guðmunda Smáradóttir framkvæmdastjóri og Ragnhildur B. Bolladóttir.*

að endurnýjun námskeiða enda fleygir þekkingu og tækni fram í nútímasamfélagi. Þessi vettvangur er mikilvægur í starfsemi Framvegis og á stóran þátt í því hversu vel hefur tekist að aðlaga námsframboð að þörfum viðskiptavina miðstöðvarinnar.

#### Námskrá

Tvisvar á ári gefur Framvegis út námskrá þar sem kynnt eru námskeið komandi annar. Námskránni er dreift til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana sem eru starfandi í heilbrigðis- og félagsgeiranum. Námskeiðin eru jafnframt auglýst á heimasíðu Framvegis

([www.framvegis.is](http://www.framvegis.is)).

Undirbúningur vegna haustannar 2009 er þegar hafinn. Er það von Framvegis að viðskiptavinir finni allir námskeið við sitt hæfi. Sem fyrr verða í boði ný og spennandi námskeið í bland við önnur síung og fersk sem hafa staðist tímans tönn.

Starfsfólk Framvegis hlakkar til að takast á við krefjandi tíma og nýjar áskoranir í sýbreytilegu samfélagi. Öllum ábendingum og hugmyndum er ávallt tekið fagnandi og eru áhugasamir hvattir til að kynna sér starfsemi og námsframboð Framvegis.



*Slegið á léttu strengi í frímínútum.*

#### Formenn aðildarfélaga BSRB



**Félag flugmálastarfs-  
manna ríkisins**  
**Jóhannes Long**



**Félag íslenskra flugum-  
ferðarstjóra**  
**Ottó Eiríksson**



**Félag opinberra starfs-  
manna á Austurlandi**  
**Þorvaldur Jónsson**

# Spurt og svarað um réttarstöðu - mikilvægar upplýsingar á krepputímum

**H**venær hefst uppsagnarfrestur? Hvað er hann langur? Hver er réttur starfsmanna varðandi launalækkun? Má segja upp fastri yfirvinnu? Þetta eru örfáar spurningar sem starfsmenn BSRB hafa þurft að svara ítrekað að undanfögnu vegna niðurskurðar og aðhaldsaðgerða stofnana og fyrirtækja. Sonja Ýr Þorbergsdóttir lögfræðingur BSRB hefur tekið saman ýmsar upplýsingar um réttarstöðu starfsmanna á vinnumarkaði þar sem ofangreindum spurningum og fleirum er svarað.

## Uppsagnir

*Hvenær hefst uppsagnarfrestur og hvað er hann langur?*

Allar uppsagnir skulu vera skriflegar og miðast við mánaðamót. Uppsagnarfrestur á reynslutíma opinberra starfsmanna er einn mánuður. Almenn er reynslutímabil skilgreint í kjarasamningi og/eða ráðningarsamningi sem þrír mánuðir. Að þeim tíma liðnum er lögbundinn gagnkvæmur uppsagnarfrestur þrír mánuðir.

Í flestum kjarasamningum aðildarfélag BSRB er uppsagnarfresturinn lengri hjá starfsmönnum sem eru með lengri starfsaldur og lífaldur. Uppsagnarfrestur eftir 10 ára samfelld starf eru fjórir mánuðir ef starfsmaður hefur náð 55 ára aldri, fimm mánuðir við 60 ára aldur og sex mánuðir við 63 ára aldur.

Á almennum vinnumarkaði er lögbundinn uppsagnarfrestur að lágmarki einn mánuður eftir eitt ár í starfi, tveir mánuðir eftir þrjú ár og þrír mánuðir eftir fimm ár. Einstakir kjarasamningar geta síðan kveðið á um lengri uppsagnarfrest.

*Er hægt að grípa til einhverra ráða þegar leggja á starf niður?*

Yfirmaður minn hefur tilkynnt mér að vegna niðurskurðar verði ég leystur frá störfum og starf mitt lagt niður. Ég hef unnið einna lengst hjá stofnuninni en aðrir starfsmenn sem hafa unnið skemur en ég halda enn vinnunni.

Opinberir starfsmenn: Í tilvikum sem þessum er mikilvægt að krefjast rökstuðnings atvinnurekanda fyrir uppsögninni. Rökstuðningur er ein helsta forsenda þess að hægt sé að ganga úr skugga um hvort uppsögn sé byggð á

málefnalegum sjónarmiðum. Áform um sparnað í rekstri ríkisstofnana geta talist málefnaleg forsenda fyrir því að tilteknum starfsmanni eða starfsmönnum sé sagt upp enda sé það mat stjórnenda stofnunar að slík ráðstöfun miði að settu markmiði um sparnað. Af lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins má ráða að fækkun starfsmanna vegna hagræðingar í rekstri geti verið lögmæt ástæða upp-



**Sonja Ýr Þorbergsdóttir lögfræðingur BSRB skrifar**

sagnar. Því er ekki skylt að gefa starfsmanni kost á að tjá sig um efni máls áður en ákveðið er að segja honum upp.

**Nokkur atriði sem hafa ber í huga:** Þó að komist sé að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt sé að fækka fólki til að ná settum markmiðum um hagræðingu eru engar almennar leiðbeiningar eða reglur um það hvernig standa skuli að niðurskurði. Margir starfsmenn geta komið til álita þó að ákveðið hafi

verið hvaða þátt starfseminnar skuli helst skera niður. Það er hlutverk atvinnurekanda/stjórnanda að ákveða hvaða starfsmenn stofnunin geti helst verið án og þar með finna út á hverjum fækkunin eigi að bitna. Í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins segir að atvinnurekanda beri ekki skylda til þess að leyfa starfsmanni að tala máli sínu áður en til uppsagnar kemur sé ástæðan hagræðing í rekstri. Ef stjórnandi hefur hins vegar til hliðsjónar ákveðin atriði við ákvörðun sína sem skv. lögnum gæti verið tilefni til áminningar ber honum skylda til að leyfa starfsmanni að tala máli sínu. Í álitni umboðsmanns nr. 4018/2004 kemur fram að hætta sé á að mál sé ekki nægilega upplýst í samræmi við stjórnsýslulög nema atvinnurekandi afli upplýsinga um atriði sem geti verið tilefni til áminninga, sem hann kann að byggja á við uppsögn starfsmanna vegna niðurskurðar eða hagræðingar.

## Starfsmenn á almenna vinnumarkaðnum:

Vorið 2008 voru innleidd í kjarasamninga ASÍ ákvæði um rökstuðning vegna uppsagnar. Samkvæmt þeim hefur starfsmaður rétt á viðtali um starfslok sín og ástæður uppsagnar. Beiðni þar um skal berast innan fjögurra sólarhringa frá því uppsögn er móttækin og viðtalið skal fara fram innan fjögurra sólarhringa þar frá.

Starfsmaður getur óskað eftir því þegar að loknu viðtali eða innan fjögurra sólarhringa að ástæður uppsagnar séu skýrðar skriflega. Fallist atvinnurekandi á þá ósk skal við því orðið innan fjögurra sólarhringa.

Fallist atvinnurekandi ekki á ósk starfsmanns um skriflegar skýringar á hann innan fjögurra sólarhringa rétt á öðrum fundi um ástæður uppsagnar að viðstöddum trúnaðarmanni eða öðrum fulltrúa stéttarfélags síns.

## Hópuþuppsagnir

*Eru takmörk fyrir því hvað má segja upp mörgum starfsmönnum í einu?*

Lög um hópuþuppsagnir nr. 63/2000 gilda um fjöldauppsagnir starfsmanna



á 30 daga tímabili. Í lögnum er skilgreint hversu mörgum þurfi að segja upp í hlutfalli við fjölda starfsmanna á vinnustað svo það falli undir lög um hópuppsagnir:

**a.** Að minnsta kosti 10 starfsmenn í fyrirtækjum sem venjulega hafa fleiri en 20 og færri en 100 starfsmenn,

**b.** að minnsta kosti 10% starfsmanna í fyrirtækjum sem venjulega hafa hið minnsta 100 starfsmenn en færri en 300 starfsmenn,

**c.** að minnsta kosti 30 starfsmenn í fyrirtækjum sem venjulega hafa 300 starfsmenn eða fleiri.

Áformi atvinnurekandi hópuppsagnir skal hann svo fljótt sem auðið er hafa samráð við trúnaðarmann stéttarfélags og ef ekki hefur verið kjörinn trúnaðarmaður, þá við annan fulltrúa starfsmanna sem þeir hafa til þess valið með það fyrir augum að ná samkomulagi. Í samráði felst skylda atvinnurekanda til að kynna og ræða við trúnaðarmann eða fulltrúa starfsmanna um áformin, rökstyðja þau og gefa viðkomandi kost á að koma sjónarmiðum sínum og tillögum á framfæri áður en endanleg ákvörðun er tekin. Með samráðinu skal að minnsta kosti leita leiða til að forðast hópuppsagnir eða fækka í þeim hópi sem til stendur að segja upp. Þá verður að grípa til félagslegra aðgerða í því skyni að draga úr afleiðingunum, m.a. með því að auðvelda fólki flutning í önnur störf eða stuðla að endurhæfingu starfsmanna sem áformað er að segja upp. Ef nauðsyn krefur er trúnaðarmanni eða fulltrúa starfsmanna heimilt að kalla til sérfræðinga sér til aðstoðar meðan á samráði stendur. Kostnaður af störfum sérfræðinga er atvinnurekanda óviðkomandi.

Atvinnurekandi skal vegna samráðs aðila láta trúnaðarmanni eða fulltrúa starfsmanna í té allar upplýsingar sem máli skipta um fyrirhugaðar uppsagnir og að minnsta kosti tilgreina skriflega:

- a.** Ástæður fyrirhugaðra uppsagna,
- b.** fjölda starfsmanna sem til stendur að segja upp og hvaða störfum þeir gegna,
- c.** hve margir eru að jafnaði í vinnu og hvers konar störfum þeir gegna,
- d.** á hvaða tímabili fyrirhugaðar uppsagnir eiga að koma til framkvæmda,
- e.** viðmiðanir sem til stendur að nota við val á starfsmönnum sem segja á upp,
- f.** upplýsingar um sérstakar greiðslur

til starfsmanna vegna uppsagna aðrar en þær sem kveðið er á um í lögnum eða kjarasamningum og hvernig þessar greiðslur eru reiknaðar.

*Njóta einhverjir verndar við uppsagnir?*

Óheimilt er að segja trúnaðarmanni upp vegna starfa hans í þágu annarra starfsmanna og stéttarfélags. Þá skulu trúnaðarmenn almennt sitja fyrir um að halda starfi þegar atvinnurekandi telur að fækka þurfi starfsfólki. Einnig njóta starfsmenn í fæðingar- og foreldraorlofi verndar gegn uppsögnum. Því er óheimilt að segja starfsmönnum í fæðingar- og foreldraorlofi upp nema gildir ástæður liggi að baki. Sama gildir um starfsmann sem hefur tilkynnt fyrirhugaða töku fæðingarorlofs eða foreldraorlofs. Þá er atvinnurekendum óheimilt að mismuna starfsmönnum á grundvelli kyns við uppsagnir.

## Lækkun launa og lækkun starfshlutfalls - hver er réttur starfsmanna?

Mikilvægt er að kynna sér vel ákvæði kjarasamnings í þessum efnum. Ráðningarsamningar sem fela í sér lægri laun og lakari réttindi en almennir kjarasamningar segja til um eru ógildir. Telji starfsmaður að honum sé boðið upp á lakari kjör en kveðið er á um í kjarasamningi er rétt að viðkomandi hafi samband við það stéttarfélag sem hefur samið fyrir hans hönd.

Þá skal einnig haft í huga að atvinnurekandi getur ekki einhliða ákveðið að lækka laun. Starfsmaður verður að samþykkja að laun hans séu lækkuð.

*Það á að segja upp fastri yfirvinnu hjá mér. Má segja upp eingöngu fastri yfirvinnu?*

Atvinnurekanda ber að segja upp fastri yfirvinnu og sérstökum ráðningarkjörum eins og þegar um uppsögn á ráðningarsamningi í heild er að ræða. Hjá flestum fastráðnum starfsmönnum er uppsagnarfrestur þrjú mánuðir en einn mánuður á fyrstu þremur mánuðum í starfi. Í kjarasamningi eða ráðningarsamningi getur verið kveðið á um lengri uppsagnarfrest.

*Það á að lækka starfshlutfall mitt. Hver er réttur minn?*

Atvinnurekanda ber að segja upp starfshlutfalli rétt eins og ef um uppsögn á ráðningarsamningi í heild væri

## Formenn aðildarféлага BSRB



Félag opinberra starfsmanna á Suðurlandi  
**Elín Björg Jónsdóttir**



Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum  
**Gylfi Guðmundsson**



Félag starfsmanna stjórnarráðsins  
**Þorveig Þormóðsdóttir**



að ræða. Hjá flestum fastráðnum starfsmönnum er uppsagnarfresturinn þrjú mánuðir en einn mánuður á fyrstu þremur mánuðum í starfi. Í kjarasamningi eða ráðningarsamningi getur verið kveðið á um lengri uppsagnarfrest.

Starfsmaður sem missir starf sitt að hluta er hlutfallslega tryggður hjá Atvinnuleysisstryggingarsjóði og nemur tryggingarhlutfallið mismun réttar tryggingarhlutfallið mismun réttar hans hefði hann misst starf sitt að öllu leyti og þess starfshlutfalls sem hann gegnir áfram. Þetta á að sjálfsgöðu ekki við ef starfsmaður ákveður sjálfur að minnka starfshlutfall sitt.

## Biðlaunaréttur og uppsagnarfrestur

*Hvað er biðlaunaréttur?*

Réttur til biðlauna myndast við niðurlagningu starfs og tekur einungis til starfsmanna sem hafa starfað óslitið í þjónustu ríkisins frá 1. júlí 1996, þegar ný lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins tóku gildi. Biðlaunatíminn er ýmist sex eða 12 mánuðir. Rétturinn er sex mánuðir ef starfsmaður hefur unnið skemur en 15 ár en 12 mánuðir ef hann á að baki lengri starfsaldur. Rétturinn er á hinn bóginn háður því skilyrði að starfsmaður hafi ekki hafnað sambærilegri stöðu á vegum ríkisins. Ef starfsmaður tekur við öðru starfi áður en sex eða 12 mánaða tíminn er liðinn fellur rétturinn til greiðslu

biðlauna niður, ef launakjör í nýju starfi eru hin sömu eða hærra en þau sem hann hafði áður. Ef launin í nýju stöðunni eru lægri skal aftur á móti greiða starfsmanni launamismuninn til loka sex eða 12 mánaða tímabilsins. Starfsmenn sveitarfélaga eiga einnig almennt rétt til biðlauna og er tilgreint í kjarasamningum hver hann er.

*Ber mér skylda til að vinna í uppsagnarfresti?*

Uppsagnarfrestur er í raun aðlögunartími fyrir bæði starfsmann og atvinnurekanda vegna breyttra aðstæðna í kjölfar uppsagnar. Á uppsagnarfrestinum ber atvinnurekanda að greiða starfsmanni laun og starfsmanni ber að inna af hendi vinnuskyldu sína.

Atvinnurekandi og starfsmaður geta á hinn bóginn samið um ýmis afbrigði starfsloka; t.d. að starfsmaður láti af störfum um leið og uppsagnarfrestur hefst en haldi launum, að starfsmaður hætti að vinna fyrir og sé eingöngu greidd laun fyrir þann tíma sem hann starfar eða að starfsmaður inni enga vinnu af hendi og fái engin laun fyrir. Fleiri möguleikar eru hér á en allar útgáfur af þessu tagi eru háðar samþykki beggja aðila og best er að þær séu skriflegar.

Óski atvinnurekandi hins vegar eftir því að starfsmaður inni ekki af hendi vinnuskyldu sína á uppsagnarfresti er honum engu að síður skylt að greiða laun út uppsagnarfrestinn.

## Atvinnuleysisstryggingar

*Hvernig sæki ég um atvinnuleysisbætur?*

Umsækjendur um atvinnuleysisstryggingar skulu snúa sér til þjónustuskrifstofu Vinnuálastofnunar á sínu svæði. Þar skrá þeir sig í atvinnuleit og fylla út umsókn um atvinnu, vinnu- markaðsaðgerðir og atvinnuleysisstryggingu. Þegar öll tilskilin gögn liggja fyrir þá er umsóknin send til Greiðslustofu Vinnuálastofnunar til afgreiðslu.

*Ef starfsmaður segir sjálfur starfi sínu lausu á hann þá rétt til atvinnuleysisbóta?*

Ef starfsmaður segir upp starfi án gildra ástæðna eða missir starf af ástæðum sem hann á sjálfur sök á hann ekki rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta fyrir en að 40 dögum liðnum frá mótöku umsóknar.

## Hver er fjárhæð atvinnuleysisbóta?

Atvinnuleysisbætur voru hækkaðar 1. janúar 2009 og eru sem hér segir:

Grunnatvinnuleysisbætur (100% réttur) eru 6.900 kr. á dag.

Grunnatvinnuleysisbætur (100% réttur) eru 149.523 kr. á mánuði (miðað við 21,67 daga í mánuði).

Hámarksfjárhæð tekjutengingar er 242.636 kr. á mánuði.

Greiðslur vegna barna eru 276 kr. á dag eða 5.981 kr. á mánuði.



## Réttur á greiðslum frá Atvinnuleysistryggingasjóði við lækkun starfshlutfalls

Komist launamaður og atvinnurekandi að samkomulagi um lækkun starfshlutfalls getur starfsmaður sótt um atvinnuleysisbætur á móti og hafa þær tekjur sem hann hefur af hlutastarfinu ekki áhrif á fjárhæð atvinnuleysisbóta. Tekjutengdar bætur eru 242.636 á mánuði en aldrei hærri en sem nemur 70% mánaðarlauna og starfsmaður í hlutastarfi fær hlutfall fullra bóta. Atvinnuleysisbætur eru þó ekki greiddar lengur samfelld en í þrjú ár.

Fyrstu 10 dagana frá umsókn um atvinnuleysisbætur fær viðkomandi greitt hlutfall af grunnbótum en eftir það taka við tekjutengdar atvinnuleysisbætur. Þegar starfsmaður missir starf sitt að fullu er tímallengd tekjutengdra atvinnuleysisbóta þrjú mánuðir en starfsmenn í hlutastarfi taka þann rétt út hlutfallslega. Maður í 50% starfi sem á 100% bótarétt getur því átt rétt á tekjutengdum bótum í allt að sex mánuði. Þetta gildir þó ekki ef starfshlutfall er lægra en 50%. Dæmi um þetta er að finna í frumvarpi til laga um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar sem var afgreitt sem lög frá Alþingi haustið 2008.

A) Starfsmaður hefur 250.000 kr. í mánaðarlaun fyrir fullt starf en hefur þurft að minnka við sig starfshlutfall um 25%. Hann sækir um 25% atvinnuleysisbætur en hefur talist að fullu tryggður samkvæmt lögnum hefði hann misst starf sitt að öllu leyti. Hefði hann misst starf sitt að öllu leyti hefði hann því átt rétt á 175.000 kr. í tekjutengdar atvinnuleysisbætur og þar sem hann sækir um 25% bætur á hann rétt á 43.750 kr. á mánuði. Tekjur hans fyrir 75% starfshlutfallið er hann gegnir áfram og nema 187.500 kr. hafa því ekki áhrif á fjárhæð tekjutengdra atvinnuleysisbóta og munu þá tekjur hans og atvinnuleysisbætur nema 231.250 kr. (187.500 + 43.750) á mánuði. Hann getur þá verið samtals á 25% tekjutengdum atvinnuleysisbótum í tólf mánuði eða 260 daga samhliða 75% starfi.

B) Starfsmaður hefur 400.000 kr. í mánaðarlaun fyrir fullt starf. Hann sækir um 50% atvinnuleysisbætur en hefur talist að fullu tryggður samkvæmt lögnum hefði hann misst starf sitt að öllu leyti. Hefði hann misst starf sitt að öllu leyti hefði hann því átt rétt á 242.636 kr. á mánuði sem er hámarksútgreiðsla á tekjutengdum atvinnuleysisbótum úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Þar sem hann sækir um 50% bætur á hann rétt á 121.318 kr. á mánuði. Tekjur hans fyrir 50% starfshlutfallið er hann gegnir áfram og nema 200.000 kr. hafa því ekki áhrif á fjárhæð tekjutengdra atvinnuleysisbóta og munu tekjur hans og atvinnuleysisbætur því nema 321.318 kr. (200.000 + 121.318) á mánuði. Hann getur þá verið á samtals 50% tekjutengdum atvinnuleysisbótum í sex mánuði eða 130 daga.

Skilyrðin fyrir því að framangreindar reglur gildi eru þrjú: Í fyrsta lagi að starfsmaður hafi misst starf sitt að hluta vegna samdráttar í rekstri fyrirtækis, í öðru lagi að hann hafi misst vinnuna að öllu leyti og ráðið sig í hlutastarfi hjá öðrum atvinnurekanda í lægra starfshlutfall og í þriðja lagi að það sé mat Vinnuáráðs á vinnuáráði að viðkomandi eigi þess ekki kost að ráða sig í sama starfshlutfall og áður vegna sérstakra aðstæðna á vinnuáráði. Undir þessar reglur falla einnig tilvik eins og þegar launamaður gegnir tveimur hlutastörfum upp á samanlagt 100% starfshlutfall eða minna en missir annað starfið vegna samdráttar á vinnuáráði. Skilyrði er þó að hann gegni áfram a.m.k. 50% starfshlutfalli.

Þess skal einnig getið að tekjutenging bóta með ofangreindum hætti er samkvæmt lögnum tímabundin aðgerð á erfiðu samdráttarskeiði í þeim tilgangi að atvinnurekandi geti fremur lækkað starfshlutfall starfsmanna sinna á meðan mestu erfiðleikarnir ganga yfir fremur en að segja þeim upp. Þessar reglur voru settar síðastliðið haust með gildistíma til 1. maí næstkomandi en hann hefur þegar verið lengdur til ársloka. Loks er þess að geta að frekari upplýsingar má finna á vef Vinnuáráðs.

## Formenn aðildarféлага BSRB



**Kjölnur, stéttarfélag  
starfsmanna  
í almannapjónustu**  
*Arna Jakobína Björnsdóttir*



**Landssamband  
lögreglumanna**  
*Snorri Magnússon*



**Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna**  
*Sverrir Björn Björnsson*



Frá útifundi BSRB, Þroskahjálpar, Öryrkjabandalagsins og Félags eldri borgara á Ingólfstorgi 24. nóvember sl.

# Viðbrögð BSRB við kreppunni

**T**alsverð gagnrýni kom fram á verkalýðshreyfinguna í kjölfar bankahrunsins. Hún var gagnrýnd fyrir að standa á hliðarlínunni á meðan almenningur hópaðist á Austurvöll og borgarafundi og mótmælti ástandinu. Þetta er ekki allskostar rétt því þótt samtök launafólks væru ekki beinir aðilar að þessum fundum, enda þeirra ekki óskað, var gripið til ýmissa aðgerða til að upplýsa fólk og aðstoða.

Fljótlega eftir bankahrunið fór BSRB af stað með fundaherferð sem tengdist hruninu og efnahagsástandinu. Vikulega voru haldnir fundir í BSRB húsinu og voru fengnir fyrirlesarar til að fjalla um ýmsar hliðar ástandsins. Að loknum framsöguerindum var opnað fyrir fyrirspurnir úr sal. Þessir fundir voru „streymdir“ og er hægt að horfa á þá á heimasíðu BSRB. Fundirnir voru flestir mjög vel sóttir.

**Skuldirnar og heimilin** var yfirskrift fyrsta fundarins sem haldinn var 5. nóvember. Framsögumenn á fundinum voru Ragnhildur Arnljótsdóttir ráðuneytisstjóri félags- og tryggingamálaráðuneytisins, Svanhildur Guðmundsdóttir sviðsstjóri þjónustusviðs Íbúðalánasjóðs, Haukur Hafsteinsson framkvæmdastjóri LSR og Ásta S.

Helgadóttir forstöðumaður Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna.

**Efnahagsþrengingar nágrannaþjóða** var yfirskrift fundar 12. nóvember þar sem fjallað var um hvernig Færeyingar og Finnar brugðust við kreppuástandi hjá sér. Framsögumenn voru Gunvør Balle sendiherra Færeyja á Íslandi og Sigurbjörg Árnadóttir framkvæmdastjóri.

**Verðtrygging til góðs eða ills?** var yfirskrift fundar 20. nóvember og þar höfðu framsögu Ingólfur H. Ingólfsson félagsfræðingur og Pétur H. Blöndal alþingismaður.

**Hvað gerir bankinn fyrir þig?** var yfirskrift fjórða fundarins sem haldinn var 26. nóvember. Framsögumenn voru: Helgi Bragason frá Kaupþingi, Una Steinsdóttir frá Glitni, Anna

Bjarney Sigurðardóttir frá Landsbanka og Atli Örn Jónsson frá Byr.

**Framtíðin með eða án krónu** var yfirskrift fundar 4. desember. Framsögumenn voru Gylfi Zoëga prófessor við Háskóla Íslands og Jón Þór Sturluson aðstoðarmaður þáverandi viðskiptaráðherra.

**Vinumarkaðurinn og atvinnuhorfunar framundan** var yfirskrift síðasta fundarins í þessari fundarröð og var hann haldinn 11. desember. Framsögumenn voru Gylfi Dalmann dósent við Háskóla Íslands og Gissur Pétursson forstjóri Vinnumálastofnunar.

BSRB tók þátt í að skipuleggja mjög fjölmennan og vel heppnaðan útifund á Ingólfstorgi 24. nóvember ásamt Landssamtökunum Þroskahjálpar, Öryrkjabandalagi Íslands og Félagi eldri borgara undir yfirskriftinni **Verjum velferðina**.

Þá tóku fulltrúar BSRB þátt í fundum á landsbyggðinni. Þar má meðal annars nefna að Elín Björg Jónsdóttir varaformaður BSRB var ræðumaður á útifundi á Selfossi 18. desember.



Elín Jónsdóttir sálfræðingur á vegum Rauða krossins hélt tvisvar í haust fyrir lestr á vegum BSRB og Félagsmála skóla alþýðu fyrir trúnaðarmenn bandalagsins um sálrænan stuðning í efnahagsþrengingunum og var seinni fyrir ífæsturinn sendur í fjarfundarbún að til sex staða á landsbyggðinni.

BSRB hefur sent frá sér ályktanir varðandi ástandið. Í þeim hefur meðal annars verið bent á að vísitölugrunnurinn sé mjög hæginn og þess krafist að hann verði endurskoðaður. Þá hefur verið varað við niðurskurði í velferðarkerfinu og að gripið verði til einhliða launalækkunar hjá þeim sem lökust hafa kjörin.

BSRB hefur átt fulltrúa í nefndum og vinnuhópum vegna ástandsins. Má þar nefna aðgerðahóp gegn fátækt á vegum félagsmálaráðuneytisins og ráðgjafahóp um endurskoðun almannatrygginga. Einnig hefur BSRB verið með fulltrúa í samráðshópi vinnuarkaðarins og félags- og tryggingamálaráðuneytisins um breytingar á atvinnuleysistryggingalöggjöfinni.

Hagfræðingar BSRB hafa ritað greinar um ýmislegt sem tengist efnahagskreppunni og afleiðingum hennar. Þar má nefna ýtarlega úttekt á vísitölugrunninum og áhrifum verðtryggingar á stöðu heimilanna. Greinar þessar hafa birst í félagstíðindum aðildarfélaganna auk þess sem greinar og viðtöl hafa birst í öðrum fjölmiðlum. Þá hafa fulltrúar bandalagsins komið fram í umræðu- og viðtalsþáttum í sjónvarpi og útvarpi. Einnig hefur BSRB verið í samstarfi við Öryrkjabandalagið og Félag eldri borgara um kjaramál.

Forysta BSRB hefur tekið þátt í viðræðum ríkisstjórnarinnar og aðila vinnuarkaðarins um aðgerðir til að mæta afleiðingum efnahagsbrunsins.

Einnig er rétt að minnst á að mikil aukning hefur orðið á fyrirspurnum félagsmanna varðandi réttindi enda hafa launagreiðendur oft gripið til vafasamra aðgerða til að draga úr launakostnaði vegna samdráttarins. Við þetta hefur skapast aukið álag á starfsmenn BSRB og aðildarfélaganna auk þess sem málum, sem koma fyrir réttindanefnd BSRB, hefur fjölgað verulega.

Á heimasíðu BSRB er sérstakur dálkur þar sem fjallað er um ýmsar hliðar efnahagsþrenginganna.



*Framsögumenn á fundinum um skuldirnar og heimilin, Haukur Hafsteinsson, Ásta S. Helgadóttir, Svanhildur Guðmundsdóttir og Ragnhildur Arnljótsdóttir.*



*Framsögumenn á fundinum um efnahagsþrengingar nágrennaþjóðanna, Sigurbjörg Arnadóttir og Gunvör Balle.*



*Framsögumenn á fundinum Verðtrygging til góðs eða ills? Pétur H. Blöndal og Ingólfur H. Ingólfsson.*



*Framsögumenn á fundinum Hvað gerir bankinn fyrir þig? Helgi Bragason, Una Steinsdóttir, Anna Bjarney Sigurðardóttir og Atli Örn Jónsson.*



*Framsögumenn á fundinum Framtíðin með eða án krónu, Gylfi Zoëga og Jón Þór Sturluson.*



*Framsögumenn á fundinum Vinnuarkaðurinn og atvinnuhorfurnar, Gylfi Dalmann og Gissur Pétursson.*



*Flestir fundanna voru vel sóttir.*

# Ísland og ESB

**B**SRB hefur ekki tekið afstöðu til aðildar Íslands að ESB en telur hlutverk sitt að reyna að upplýsa félagsmenn sína um kosti og galla aðildar. Bandalagið hefur staðið fyrir tveimur opnum fundum um Ísland og ESB og er ætluin að framhald verði á. Hafa fundirnir verið haldnir í framhaldi stjórnarfundar BSRB. Málafni sjávarútvegs, landbúnaðar, iðnaðar og staða smáríkja innan ESB voru til umfjöllunar á þessum fundum.

Fyrsti fundurinn var 20. febrúar. Á fundinum var fjallað um stöðu smáríkja innan ESB og hvaða áhrif aðild að sambandinu gæti haft á íslenskan landbúnað. Framsögumenn voru Baldur Þórhallsson Jean Monnet prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands og Sigurður Jóhannesson sérfræðingur við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

Baldur færði rök fyrir því að það væri misskilningur að horfa eingöngu til atkvæðafjölda ríkja á Evrópusambandsþinginu til að meta áhrif þeirra innan ESB. Taldi hann áhrif smáríkja á mótun stefnu og regluverks ESB mun meiri en atkvæðavægi þeirra segði til um.

Sigurður bar saman styrkjakerfi íslensks landbúnaðar og þess sem greinin gæti vænst ef landið gengi í ESB. Þar tók hann samninga Finna sem dæmi og taldi Íslendinga geta náð jafn hagstæðum samningum og þeir.

## Sjávarútvegur og iðnaður

Föstudaginn 20. mars var röðin



*Aðalsteinn Leifsson lektor við Háskólann í Reykjavík og Bjarni Már Gylfason hagfræðingur Samtaka iðnaðarins.*



*Baldur Þórhallsson, Jean Monnet prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.*



*Sigurður Jóhannesson sérfræðingur við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.*

öflun gjaldeyris. Hann fór síðan yfir hvaða hagsmunir ættu að vega þyngst að hans mati í afstöðunni til aðildarviðræðna. Síðan greindi hann stefnu ESB gagnvart iðnaði og rakti að síðustu niðurstöður skoðanakannana hér á landi til aðildar að ESB og að evra væri tekin upp í stað krónu.

Fundarstjóri á báðum fundunum var Helga Jónsdóttir framkvæmdastjóri BSRB. Að loknum framsöguerindum var opnað fyrir spurningar úr sal og urðu lífleg skoðanaskipti og umræður á fundunum.

[www.bsrb.is](http://www.bsrb.is)



# Aðilaskipti að fyrirtækjum

Þegar nýir atvinnurekendur taka við rekstri er þeim skylt að virða ráðningarsamninga eða ráðningarsamband sem var fyrir hendi á þeim degi sem aðilaskipti eiga sér stað. Einnig er þeim skylt að virða launakjör og starfskilyrði samkvæmt gildandi kjarasamningi með sömu skilyrðum og giltu allt þar til kjarasamningi er sagt upp, samningur rennur út eða þar til annar samningur tekur gildi. Nýjum eiganda fyrirtækisins er óheimilt að segja starfsmanni upp starfi, hvorki að öllu né að hluta vegna aðilaskipta bæði fyrir og eftir þau. Uppsagnir eru óleyfilegar nema á grundvelli rökstuddra efnahagslegra, tæknilegra eða skipulagslegra ástæðna sem kalla á breytingar á starfsmannahaldi.

Trúnaðarmenn starfsmanna eða starfsmenn sjálfir, séu trúnaðarmenn

ekki til staðar, skulu fá upplýsingar með góðum fyrirvara um eftirfarandi atriði frá framsalshafa og framseljanda fyrirtækis:

a. Dagsetningu aðilaskiptanna eða fyrirhugaða dagsetningu þeirra,

b. ástæður sem liggja til grundvallar aðilaskiptum,

c. lagaleg, efnahagsleg og félagsleg áhrif aðilaskiptanna fyrir starfsmenn,

d. og loks hvort ráðstafanir séu fyrirhugaðar vegna starfsmanna.

Ef framseljandi eða framsalshafi hyggst gera ráðstafanir vegna starfsmanna skal hann hafa samráð um þær með góðum fyrirvara við trúnaðarmenn eða starfsmenn sjálfa séu trúnaðarmenn ekki til staðar, með það að leiðarljósi að ná samkomulagi vegna fyrirhugaðra breytinga.

## Ábyrgðasjóður launa

Ábyrgðasjóður launa tryggir launamönnum og lífeyrissjóðum greiðslur vegna vangoldinna krafna þeirra við gjaldþrot atvinnurekanda. Ábyrgðasjóðurinn ábyrgist greiðslur á kröfum í bú atvinnurekanda um vangoldin laun, bætur vegna slita á ráðningarsamningi, orlof, bætur vegna vinnuslysa og lífeyrissjóðgjöld. Ábyrgð sjóðsins er háð því skilyrði að kröfurnar hafi verið viðurkenndar sem forgangs kröfur.

Starfsmaður getur fengið greiddar atvinnuleysisbætur frá Vinnuálastofnun fyrir þann tíma sem hann er án atvinnu á uppsagnarfresti meðan hann bíður eftir endanlegu uppgjöri á launakröfum sínum frá Ábyrgðasjóði launa. Skilyrði fyrir þessu er að launamaður framselji Atvinnuleysisstryggingasjóði þann hluta launakröfu sinnar á hendur Ábyrgðasjóði launa er nemur fjárhæð þeirra atvinnuleysisbóta sem hann fær greiddar á biðtímanum.

Með umsókn starfsmanns við ofangreindar aðstæður þarf að fylgja staðfesting stéttarfélags umsækjanda um að krafa verði gerð í réttmætan upp sagnarfræst. Greitt er frá þeim degi sem uppsagnarfrestur tekur gildi og að honum loknum getur aðili þegið almennar atvinnuleysisbætur. Launamaður urgjaldþrota félags á eins og annað launafólk rétt á tekjutengdum atvinnuleysisbótum.

Hámarksábyrgð Ábyrgðasjóðsins vegna vangoldinna launa eða bóta vegna slita á ráðningarsamningi, sem falla í gjalddaga eftir 1. janúar 2008, er 345 þúsund krónur fyrir hvern mánuð.

Greiðslur atvinnurekanda upp í kröfur sem hann innir af hendi fyrir uppkvaðningu úrskurðar um gjaldþrotaskipti skulu koma til frádráttar hámarksábyrgð sjóðsins eða þeirri fjárhæð sem nýtur ábyrgðar sé hún lægri. Með sama hætti skulu atvinnuleysisbætur og atvinnutekjur í uppsagnarfresti koma til frádráttar kröfum. Skal greiðsla sjóðsins til launamanns nema þeirri fjárhæð sem eftir stendur.

Við afgreiðslu sjóðsins á kröfum skal hver mánuður gerður upp sérstaklega samkvæmt hámarksfjárhæð.

Standi atvinnurekandi ekki í skilum með greiðslu orlofslauna án þess þó að bú hans hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta, getur launamaður eða stéttarfélag í umboði hans snúið sér til Ábyrgðasjóðs launa með orlofslaunakröfuna. Krafa skal studd fullnægjandi gögnum um fjárhæð hennar, svo sem launaseðlum og vottorði viðkomandi atvinnurekanda eða löggilts endurskoðanda hans. Hámarksábyrgð á greiðslu áunninna orlofslauna er 552 þúsund krónur.

### Formenn aðildarféлага BSRB



**Póstmannafréttir  
Einarsdóttir**



**SFR, stéttarfélag  
í almannapjónustu  
Árni Stefán Jónsson**




**Sjúkraljögafélag Íslands  
Kristín A. Guðmundsdóttir**



**G**arðar Hilmarsson formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar hefur æft hlaup frá árinu 1999 og hlaupið heilt maraþon alls 10 sinnum víða um heim auk þess sem hann hefur hlaupið hálf maraþon í allmörg skipti.

*Hvað varð til þess að Garðar byrjaði að æfa hlaup?*

„Ég var að reyna að passa upp á þyngdina og var að leita mér að skemmtilegri og hentugri hreyfingu. Ég var vanur að hjóla í vinnuna, hafði gert það í mörg ár, en þar sem ég bý í Breiðholti var leiðin öll niður á við á morgnana og áreynslan því ekki mikil. Kosturinn við að hlaupa er að maður þarf líka að reyna á sig þegar maður hleypur niður í mót.“





# Formaður á hlaupum



Pétur Frantzson sem var einnig í stjórn St.Rv. var þjálfari hlaupahóps Námsflokka Reykjavíkur. Hann fékk Garðar til að byrja að æfa með hópnum. Þessi hópur varð síðan hluti af Laugaskokki og með þeim hópi æfir Garðar núna.

„Ég hljóp mitt fyrsta heila maraþon á Mývatni árið 2001. Síðan hef ég hlaupið 10 maraþon bæði hér heima og erlendis. Fyrsta heila maraþonhlaupið mitt erlendis var í Hollandi árið 2003. Síðan hef ég hlaupið heil maraþonhlaup í Búdapest í Ungverjalandi og New York. Hálf maraþon hef ég hlaupið á Múrnum í Kína og í Prag.

Kínaferðin var mikið ævintýri, bæði sjálft hlaupið en ekki síður það að hópurinn leigði hjól og hjólaði 80 km. vegalengd í sveitunum. Þá var feikilega gaman að hlaupa í New York og í Búdapest.

Það er ekki síður gaman að hlaupa hér innanlands eins og á Mývatni. Þar

fer hlaupið fram á kvöldin í miðnætursólinni í mjög fögru umhverfi. Þá hef ég fimm sinnum hlaupið Laugarveginn sem er mjög skemmtileg lífsreynsla.“

Garðar segir að það sé ákveðinn kjarni í kringum Laugaskokk sem hafi farið í þessar utanlandsferðir en auk þess hafi einstaklingar utan hópsins slegist í för með þeim. „Maður hefur eignast fjölmarga nýja vini í þessum ferðum en það er hluti af þessu.“

Besti tími Garðars í heilu maraþoni er 3 klst., 43 mínútur og 34 sekúndur.

*Er takmarkið alltaf að bæta tímann?*

„Það liggur í hlutarins eðli að maður vill alltaf maður bæta sig. Ég minni mig hins vegar stöðugt á hvers vegna ég byrjaði að æfa hlaup. Það var til að bæta heilsuna en ekki til að setja einhver met. Hlaupið er mjög góð slökun jafnframt sem það er góð líkamshjálfun. Þegar ég hleyp afstressast ég. Hlaupið er því bæði gott fyrir líkamann og sálina.“



# Lýðræði fjármagnsins

Ísland sker sig úr hópi annarra Evrópuríkja varðandi auglýsingar stjórnmálaflokka í ljósvakamiðlum. Þetta virðist koma mörgum á óvart. Jafnframt kemur það mörgum á óvart hve afdráttarlaust og milliliðalaust tjáningarfrelsi löglega framboðinna flokka er í ljósvakamiðlum í Evrópu.

Þannig greiða flokkar ekki fyrir birtingu efnis t.d. í sjónvarpi. Þeir þurfa þó að kosta gerð slíkra þátta en greiða ekkert fyrir birtinguna. Slíkt hefur ekki tíðkast hér á landi. Eingöngu ómarkvissar tilraunir hafa verið gerðar. Fyrirkomulagið hér er gerólikt því sem gerist hjá lýðræðisríkjum Evrópu þar sem umgjörð um tjáningarfrelsi er í föstum skorðum.

## Evrópskur samanburður

Um þetta og margt fleira má lesa í bókinni *Delegation and Accountability in Parliamentary Democracies* sem gefin var út af Oxford University Press undir ritstjórn Kaare Ström (prófessor í stjórnmálafræði, Kaliforníuháskóla), Wolfgang C. Muller (prófessor í opinberri stjórnsýslu, Vínarháskóla) og Torbjörn Bergman (lektor í stjórnmálafræði, Umeå háskóla, Svíþjóð). Bókin kom fyrst út árið 2003 og endurútgefin 2006. Hún skiptist í kafla þar sem fjallað er um hvert land fyrir sig og síðan bornir saman ýmsir þættir lýðræðis í ríkjum Evrópu. Kaflann um Ísland skrifar Svanur Kristjánsson prófessor við Háskóla Íslands.

## Sérstaða Íslands

Ísland er eina Evrópulandið sem heimilar auglýsingar stjórnmálaflokka í ljósvakamiðlum án takmarkana. Almenna reglan í Evrópu er sú að auglýsingar flokkanna eru bannaðar eða a.m.k. mjög takmarkaðar, hvort sem er í útvarpi eða sjónvarpi. Þannig er leitast við að koma í veg fyrir fjármála- tengsl styrkveitenda og flokka. Um leið er verið að hindra að ljósvakamiðlar verði háðir auglýsingatekjum

stjórnmálaafli; að útvarps- og sjónvarpsstöðvar fái hugsanlega miklar tekjur frá sumum flokkum en ekki öðrum, það er þeim sem hafa lítið fjárhagslegt bolmagn.


## Milliliðalaust tjáningarfrelsi í sjónvarpi án endurgjalds

Til að auka tjáningarfrelsi og draga úr ofurvaldi peninga í stjórnmálum senda þjóðir Evrópu reglulega út efni frá stjórnmálaflokkum, bæði í sjón-



**Einar Árnason hagfræðingur  
BSRB skrifar**

varpi og útvarpi, endurgjaldsلاust. Útsendingar eru bæði milli kosninga og með meiri tíðni þegar nær dregur kosningum. Þetta á t.d. við um útsendingar stjórnmálaflokka í Bretlandi, sem birtast á samtengdum rásum bæði ríkis- og einkasjónvarpsstöðva, án endur-



gjalds (Party Political Broadcast). Það er einfaldlega ekki sambærilegt að mæta í viðtöl hjá misgóðum spyrjendum í umræðuþáttum með fulltrúum allra flokka og að fá að útskýra megin-sjónarmið sín milliliðalaust, og án auglýsingaskrums. Að sjálfsögðu koma þessir þættir til viðbótar við hefðbundna umræðuþætti og viðtöl.

## Opinberir styrkir til þingflokka á ári

Flokkar sem þegar eru á þingi fá fjárframlög úr almennasjóðum. Samkvæmt lögum fá stjórnmálaflokkarnir framlög úr ríkissjóði í hlutfalli við fjölda þingmanna hvers flokks. Samkvæmt upplýsingum úr samstæðureikningum stjórnmálaflokkanna sem áttu fulltrúa á Alþingi árið 2007 - og var skilað til Ríkisendurskoðunar - voru ríkisframlög til starfsemi þeirra alls krónur 424.785.526. Með framlagi sveitarfélaga eru þetta samtals 478.075.893 krónur árið 2007.

Í meðfylgjandi töflu má sjá skiptingu framlaga til flokkanna árið 2007.

Samkvæmt fjárlögum eru framlög til stjórnmálasamtaka sem sjá má í fjár-



## Framlög hins opinbera til stjórnálflokka samkvæmt samstæðureikningi 2007. Heimild, Ríkisendurskoðun.

| Krónur árið 2007                    | Ríki               | Sveitarfélög |
|-------------------------------------|--------------------|--------------|
| Framsóknarflokkurinn                | 79.103.764         | 2.702.500    |
| Frjálslyndi flokkurinn              | 33.620.529         | 3.007.000    |
| Samfylkingin                        | 128.976.562        | 15.035.480   |
| Sjálfstæðisflokkurinn               | 140.101.471        | 24.845.537   |
| Vinstrihreyfingin-grænt framboð     | 42.983.200         | 7.699.850    |
|                                     | 424.785.526        | 53.290.367   |
| <b>Samtals ríki og sveitarfélög</b> | <b>478.075.893</b> |              |

lögum undir liðnum 09-999 (ýmislegt) en fjárlög ársins 2009 gera ráð fyrir að upphæðin verði 371,5 milljónir króna. Að auki fá þingflokkarnir greitt frá hinu opinbera fyrir sérfræðiaðstoð. Þessi upphæð var samtals 65 milljónir árið 2007 og skiptist eftir þingstyrk flokkanna með hæstu fjárhæðina til Sjálfstæðisflokks og þá lægstu til Frjálslynda flokksins. Þetta má sjá í Ársskýrslu Alþingis 2007 - 2008 (bls. 36).

### Aðstoðarmenn

Að auki fá formenn stjórnálflokka á þingi sem ekki eru jafnframt ráðherrar heimild til að ráða sér aðstoðarmann á fullu þingfararkaupi. Aðstoðarmenn fá einnig ferðakostnað greiddan, farsímanotkun og skrifstofu- aðstoðu í húsakynnum Alþingis, með meiru. Aðstoðarmaður alþingismanns í Norðvestur-, Norðaustur- og Suðurkjördæmum sem er í þriðjungsstarfi fær 25% af þingfararkaupi og greiðslur fyrir ferðakostnað að tilteknu marki, styrk fyrir farsímakostnað auk skrifstofukostnaðar í kjördæmi þingmanns, allt að 420 þúsund krónum árið 2008.

### Greiðslur frá öðrum

Fyrir utan þetta fá flokkarnir tekjur með framlögum ýmissa einstaklinga og fyrirtækja í mismiklum mæli eins og mikið hefur verið rætt um í kringum alþingiskosningarnar - og vafalaust eru ekki öll kurl komin til grafar í þeim efnum. Einnig er ónefnd fjárförf vegna prófkjara sem ekki tíðkast almennt í Evrópu. En er þá fjármagnid sem flokkar afla sér og veita sér orðið

aðalatriði? Er þetta það sem þarf til að geta komið upplýsingum á framfæri við þjóðina, kjósendur á Íslandi? Gætum við ekki leyft okkur að nálgast Evrópuþjóðirnar og skilja að fjármagn og það sem við viljum að sé lýðræði?

### Ísland sker sig úr

Í bókinni sem að framan er getið, *Delegation and Accountability in Parliamentary Democracies* (2003), er ákaflega fróðleg tafla með yfirskriftinni „Rules of Electoral Competition“ (tafla 4.7 bls 140 - 141). Þar kemur fram að í nær öllum Evrópuríkjum eru auglýsingar stjórnálflokka í ljósvakamiðlun bannaðar (not permitted). Þetta er almenna reglan í Evrópu og á m.a. við um Austurríki, Belgíu, Danmörku, Frakkland, Þýskaland, Írland, Ítalíu, Lúxemborg, Portúgal, Spán, Svíþjóð og Bretland. Í Finnlandi, Grikklandi (eftir 1989) og Hollandi (frá 1990) eru auglýsingar ekki takmarkaðar (unrestricted) en heimildin til að auglýsa hefur ekki verið notuð að því er best er vitað. Í Noregi eru auglýsingar takmarkaðar (restricted) frá 1990 og aðeins leyfðar í útvarpi en fyrir 1990 voru auglýsingar í ljósvakamiðlun bannaðar.

Eitt land sker sig úr í þessum samamburði. Það er Ísland. Á Íslandi er stjórnálflokkunum heimilt að auglýsa takmarkalaust í ljósvakamiðlun (permitted). Ekki er víst að auglýsingalýðræði fjármagnseigenda í kosningum - á kostnað tjáningarfrelsis - sé til að auka hróður Íslands á meðal nágrannþjóða.

## Formenn aðildarfélaga BSRB



**SLRB - Samband lífeyrispega ríkis og bæja**  
**Elín Brímdís Einarsdóttir**



**Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu**  
**Helga Hafsteinsdóttir**



**Starfsmannafélag Fjallabyggðar**  
**Guðbjörn Arngrímsson**

# Grænu grösín í Danmörku



**V**eturinn hér í Nørrebro-hverfinu í Kaupmannahöfn hefur einkennst af blýgráum himni, hitastigi um frostmark, fallandi gengi og sírenuvæli í loftinu.

Þrátt fyrir áralanga veru í ESB hefur Danmörk ekki farið varhluta af fjármálakrisunni, þúsundir missa vinnuna í mánuði hverjum og menn búast við stökkbreytingum til hins verra á komandi mánuðum. Og Anders Fogh Rasmussen stokkinn í öruggara starf hjá Nató og ætlar hægrisinuðum fjármálaráðherra sínum, Lars Løkke, að taka við stjórn. Vinstri flokkarnir mælast hins vegar með góðan meirihluta ef gengið yrði til kosninga nú.

Hér er ekki nokkur vandi að taka út 1000 krónur danskar (eða rúmlega 21 þúsund íslenskar krónur) að morgni og vera með veskið nánast tómmt að kveldi án þess að stærri fjárfestingar hafi verið gerðar en að kaupa bleyjur og aðrar nauðsynjar til heimilisins.

Kannski að maður hafi þó þann daginn gert undantekningu frá reglunni, sem er að horfa í hina áttina þegar maður gengur fram hjá öllum freistandi kaffistöðunum og látið eftir sér sitthvorn kaffibollann og vinarbrauð. Enda kostar kaffibollinn gjarnan um 30 d. kr. eða um 630 íslenskar kr. og kaffibrauðið álíka. Hér kostar mjólkurlítrinn frá sjó krónum og upp í rúmlega tíu (220 ísl. kr) ef að keypt er „ökologískt,“ eða vistvænt, sem er mjög vinsælt hér í höfuðborginni.

Þær vinsældir eiga sínar skýringar. Fólk er í dagblöðunum hvatt til að

kaupa danskt svínakjöt fremur en innflutt þrátt fyrir að salmonella finnst í ríflega 12% af því danska svínakjöti sem bíður manns í kjörbúðinni en „einingis“ í tæplega tíunda hverjum kjötbita af því erlenda. Ástæðan er að ekki er talin eins mikil hættu á jafnsvæsum sýkingum af völdum dönsku salmonellunnar og þeim tegundum sem finnast í innflutta kjötinu.

Ekki batnar ástandið þegar kemur að hinn algengu og hlutfallslega ódýru fæðu, kjúklingum. Með óttablandinni furðu las maður í blöðunum í haust að tæplega annar hver d a n s k u r kjúklingur sem til sölu er í búðum er smitaður af kamphylobakter en heil 87% af innfluttum kjúklingum reyndust sýkt! Dönsk matvælaeftirlitsyfyrvöld gerðu lítið annað en að yppa öxlum enda búin að gefast upp fyrir þeim landlægu sýkingum í svínunum og kjúklingum sem grassera hér á stóriðnaðarbum, sem og annars staðar í Evrópu. Ekki virðast þau heldur getað stöðvað innflutning á sýktum kjúklingum t.d. enda matvælaöggjöf ESB



**Páll H. Hannesson**  
skrifar frá  
Kaupmannahöfn

störgölluð og frelsið til viðskipta alls ráðandi. Fiskur hér er lélegur á íslensk-an mælikvarða og rándýr, kíló af þorskflaki kostar ca. 180 d. kr. eða um 3.700 íslenskar. Þannig er nú hið evrópska matarverð eins og það birtist í ESB-ríkinu Danmörku og margrómað er á Íslandi. Þau eru ekki alltaf grænni grösín þó þau séu í garði nágrennans.

En ef lítið er fram hjá þessu er Kaupmannahöfn um margt yndisleg ásýndar. Fljótlega eftir að við fluttum hingað á Nørrebro í haust fór maður í könnunarferðir um nágrennið. Um þrjú hundruð metra héðan í frá, handan Nørregade, fundum við þessa skemmtilegu göngugötu, Blågårdsgade, með kaffihúsum og Halal-slátrarabúð og grænmetisverslunum reknum af innflytjendum. Og við enda götunnar, Blågårdsplads, er bókasafn og skemmtilegt torg þar sem búið var til skautasvell í vetur. Nú er þetta sama torg úthrópað sem einn hættulegasti staður Danmerkur eftir að Hells Angels skutu þar á hóp unglinga úr röðum innflytjenda. Sem var reyndar ein af rúmlega 30 skotárásum á Nørrebro og víðar síðan í haust. Nú sveima þyrlur í loftinu og sírenurnar hvína í tíma og ótíma. Yfyrvöld hafa mikið skellt skuldinni á óskilgreind „gengi innflytjenda“ og er öllum sem þeim tengjast hótáð brottvísun úr landi. Minni áhersla virðist vera á harðar aðgerðir gegn Hells Angels enda virðist það gengi nánast vera búið að vinna sér þegnrett hér í landi.

Eftir sem áður göngum við fjölskyldan um Blågårdsgade í makindum enda sólin farin að skína hér í Kaupmannahöfn og Halal-slátrarin býður upp á besta og ódýrasta kjötið. Og það er sama hvern Hannes Hrafn, þrettán mánaða sonur okkar ávarpar með sínu kumpánlega „Halló!“, allir; konur sem karlar, peru-danskir sem upprunnir í Marokkó, brosa sínu blíðasta til baka og svara „halló“. Því stundum þurfa hlutirnir ekki að vera flóknir og sennilega erum við öll bestu skinn inn við beinið. Og allt lítur betur út með hækkandi só!





Myndir frá Austurvelli: Júlíus Sigurjónsson ljósmyndari

# Lögreglan og búshaldabyltingin

Ég hef verið á átakasvæðum áður, á vegum lögreglunnar í Bosníu, og á vegum friðargæslusveita Sameinuðu þjóðanna í Kósóvó og Líberíu. Þegar átökin stóðu sem hæst við Alþingishúsið, trumbu-slátturinn var ærandi og bál loguðu á Austurvelli, þá vaknaði sú hugsun hjá mér að ég væri aftur kominn á átakasvæðið í Afríku. Þetta var ógnvekjandi upplifun. Nokkuð sem enginn átti von á hér í þessu friðsæla landi, sagði Snorri Magnússon formaður Landssambands lögreglumanna.

Snorri hóf störf í afleysingum hjá lögreglunni haustið 1984. Hann fór í Lögregluskólann 1985 og lauk námi 1987. Hann sótti þá strax námskeið hjá sérsveitinni og starfaði síðan með henni til ársins 1992. Þaðan fór hann í fíkniefnadeild lögreglunnar og var þar til ársins 1998 að hann hóf störf hjá almennri rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík. Í byrjun árs 1999 fór Snorri á vegum lögreglunnar til löggæsluverkefna í Bosníu og var þar fram í febrúar árið 2000. Þá hóf hann störf við rannsóknardeild lögreglunnar og var þar til vorsins 2001 að hann réðst til starfa hjá Sameinuðu þjóðunum í Kósóvó. Haustið 2003 fór hann á vegum Sameinuðu þjóðanna til Líberíu

og var þar við friðargæslu til sumarsins 2005. Þá kom hann aftur heim og hefur síðan starfað í rannsóknardeildum lögreglunnar.

Í aðdraganda þings Landssambands lögreglumanna 2008 var Snorri kjörinn formaður LL og í mars sl. tók hann við formennsku í Sambandi norrænna lögreglusambanda (Nordisk Politiforbund) og mun gegna henni í tvö ár.

## Ólga og reiði hafði búið um sig

„Upptakturinn að óeirðunum við Alþingishúsið, Stjórnarráðið og víðar hófst eiginlega með aðgerðum vörubílstjóra gegn gengdarlausum bensínhækkunum. Strax þá hefðu menn átt að

sjá hverju búast mætti við. Það var ljóst að mikil ólga og reiði hafði búið um sig í hugum fólks vegna aðgerðaleyfis stjórnvalda við að koma á einhverjum stöðugleika. Sú ólga og reiði náði svo hámarki í svokallaðri búshaldabyltingu fyrir utan Alþingi og Stjórnarráðið. Það var augljóst að fólki var gróflega misboðið meint aðgerðaleyfi stjórnvalda við að koma til móts við rekstrarvanda heimilanna.

Lögreglan lenti í því að þurfa að standa vörð um eitur almennings og starfsfrið Alþingis sem er friðhelgt. Við áttum engra annarra kosta völ en að standa okkar varðstöðu þótt meginþorri lögreglumanna væri í nákvæmlega sömu stöðu og þeir sem voru að mótmæla. Við eigum okkar fjölskyldur og heimili og erum með okkar húsnæðislán eins og aðrir.

Þeir heitstafir sem lögreglumenn undirrita þegar þeir hefja störf gera það óhjákvæmilegt að við urðum að sinna okkar starfi þótt okkar persónulegu skoðanir væru oft með þeim sem voru að mótmæla.“

## Ópolandi aðstæður

Snorri tók fram að það hafi verið fáeinir einstaklingar sem höfðu sig mest í frammi gegn lögreglunni og létu reiði sína bitna á henni. Meginþorri mótmælendanna hafi hins vegar verið venjulegt friðsamt fólk.

„Þetta voru ópolandi aðstæður sem lögreglan lenti í, að þurfa að standa á milli almennings og þeirra sem reiðin beindist gegn, það er stjórnvöldum og þáverandi ríkisstjórn.“

## Appelsínugulu borðarnir

Átökin fóru stöðugt harðnandi og náðu hámarki fyrir framán Stjórnarráðið þegar lögreglumenn voru grýttir og einn fékk gangstéttarhellu í höfuðið þannig að hann slasaðist illa. Sá lögreglumaður hefur ekki enn náð sér að fullu.

„Þá gerðist það að hópur mótmælenda sló varnarlínu um okkur og helgina eftir var appelsínugulu borðunum dreift til fólks á útifundinum á Austurvelli en þeir voru til marks um að fólk vildi friðsöm mótmæli.“

Við vorum á þessum tímapunkti farnir að sjá ákveðna mótsvörun við átök erlendis þar sem ákveðnir hópar nota sér ástandið í annarlegum tilgangi



*Snorri Magnússon formaður LL*

sem á ekkert skylt við sjálf mótmælin. Það er sjálfsagt að fólk mótmæli svo framarlega sem mótmælin fara friðsamlega fram. Þegar þau fara út í skemmdarverk og líkamsmeiðingar þá er of langt gengið. Mótmælin voru þarna komin langt út fyrir það sem kalla má eðlilega myndbirtingu á reiði almennings.“

Alls slösuðust sjö lögreglumenn í átökunum og einn alvarlega eins og fram hefur komið. Auk þess urðu einhver meiðsl á almenningi. „Slíkt er

óhjákvæmilegur fylgifiskur svona átaka. Ef fólk fer gegn fullbúnu lögregluliði verður varla komist hjá einhverjum meiðslum.“

Snorri benti á að lögreglan hefði sjálf tekið þátt í verkföllum og mótmælum áður, m.a. til að leggja áherslu á kröfur um betri kjör.

„Í lýðræðisríki er eðlilegt að fólk láti skoðanir sínar í ljós í kosningum. Ég held að sú þunga undiralda sem var í Þjóðfélaginu hefði knúið fram kosningar á friðsaman hátt. Skemmdarverkin og meiðslin á lögreglu og almenningi bitna fyrst og síðast á buddum fólksins.“

## Gagnrýni á lögregluna

Snorri er þeirrar skoðunar að sú gagnrýni sem lögreglan fékk vegna framgöngu sinnar sé byggð á misskilningi.

„Sem betur fer stafar hún af því að lögreglan hefur ekki þurft að standa í svona átökum áratugum saman. Það endurspeglar hversu friðsamt íslenskt samfélag er. Sú valdbeiting sem höfð var í frammi var í samræmi við valdbeitingarheimildir lögreglunnar og sama má segja um tækin eins og piparúðann.“







## Gagnrýni á BSRB

Einstaka lögreglumenn gagnrýndu BSRB fyrir að hafa ekki fordæmt aðför að lögreglunni, þrátt fyrir að bandalagið hefði sent frá sér ályktanir þar sem segir m.a.: „Stjórn bandalagsins minnir á hve mikilvægt það er að hafa það jafnan í huga að löggæslumenn geta lent í erfiðri stöðu þegar mótmæli eru annars vegar og er mikilvægt að fólk láti ekki reiði og ofbeldi beinast að lögreglu eða öðrum sem hafa fengið það hlutverk að halda uppi lögum og reglu. Löggæslustéttirnir bera enga ábyrgð á hruni íslenska fjármálakerfisins og óstjórn sem því tengist. Það er mikilvægt að löggæslumenn um allt land geti sinnt lögbundnum skyldum sínum án ótta um aðkast eða ofbeldi í starfi, rétt eins og það er mikilvægt að fólkið í landinu geti mótmælt friðsamlega án ótta við yfirvöld. Löggæslan í landinu og fólkið í landinu á með réttu að hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta og gagnkvæm virðing mótmælenda og löggæslumanna og starfsfólks bráðaðþjónustu varðar veginn fram á við.“

„Gagnrýnin á BSRB á sér þær rætur að menn spyrðu saman formennsku Ögmundar Jónassonar við þingmennsku hans. Ákveðnir aðilar innan Vinstri grænna höfðu gagnrýnt framgöngu lögreglunnar og mörgum lög-

reglumönnum sárnaði að ekki komu fram harðorðar yfirlýsingar frá BSRB um þessar árásir á lögregluna. Þarna horfðu menn til þess að bandalagið hefur sent frá sér harðorðar ályktanir þegar aðildarfélög þess hafa staðið í baráttu fyrir bættum kjörum. Þarna var reiði ákveðins hóps í þjóðfélaginu farin að bitna á félagsmönnum í BSRB og þær ályktanir sem komu frá BSRB voru langt í frá nógu harðorðar og afdráttarlausar að mati sumra lögreglumanna. Menn hefðu t.d. viljað sjá formann BSRB koma fram í fjölmiðlum og fordæma árásirnar.“

Spurður að því hvort þetta gæti leitt til þess að LL endurskoðaði aðild sína að BSRB sagði Snorri að í gegnum tíðina hefðu verið ákveðnar raddir innan Landssambandsins sem hefðu viljað segja skilið við BSRB.

„Það hefur farið fram könnun á kostum og göllum þess að vera innan BSRB og niðurstaða úr kosningum um það hefur verið sú að Landssambandið hefur kosið að vera áfram innan BSRB. Það er eðlilegt að menn skoði þetta á yfirvegaðan hátt þannig að hægt sé að taka upplýsta ákvörðun um málið. Niðurstaðan hefur í kosningum orðið sú að lögreglan hefur talið hagsmunum sínum betur borgið innan BSRB en utan,“ sagði Snorri að lokum.

## Formenn aðildarfélaga BSRB



Starfsmannafélag  
Fjarðabyggðar  
*Kristinn Ivarsson*



Starfsmannafélag  
Garðabæjar  
*Vala Dröfn Hauksdóttir*



Starfsmannafélag  
Hafnarfjarðar  
*Haraldur Eggertsson*

# Atvinnuleysið er versti óvinur hvers samfélags

**G**ífurlega hröð aukning atvinnuleysis frá hruni efnahagskerfisins hér á landi í byrjun október sl. er að öllum líkindum heimsmet. Á örfáum mánuðum hefur atvinnuleysi farið úr u.þ.b. einu prósent í tæplega níu. Þrátt fyrir að atvinnuleysi sé um þessar mundir víða meira í Evrópu en hér á landi t.d. á Spáni og í Eystrasaltlöndunum, þá hefur það hvergi aukist jafn hratt og hér.

Þetta hefur aukið gífurlega álag á öll stuðningskerfi vinnumarkaðarins en þó allra mest á atvinnuleysistryggingakerfið. Vinnuálastofnun hefur þurft að bregðast hratt við þróuninni, bæta við starfsfólki og endurskipuleggja starfsferla og verklag til þess að geta greitt út atvinnuleysisbætur innan þess tíma sem eðlilegur er. Starfsfólki stofnunarinnar verður seint þakkaður dugnaðurinn og eljan sem það hefur sýnt í vetur við þessar óvenjulega erfiðu kringumstæður.

Nú á vordögum hefur dregið úr aukningu atvinnuleysisins og vonir standa til að það nái hámarki í maímánuði. Allt bendir þó til þess að það dragi mjög hægt úr atvinnuleysinu yfir sumarmánuðina og að meðaltals atvinnuleysi á árinu verði milli 8 - 9 prósent. Það er samfélagsástand sem við höfum aldrei staðið frammi fyrir á Íslandi áður. Því miður eru einnig líkur á að atvinnuleysi verði áfram umtalsvert á næsta ári ef efnahagsspár ganga eftir. Þetta ástand kallar á nýjar aðferðir og nýja hugsun.

Segja má að Vinnuálastofnun hafi tveimur meginverkefnum að sinna þegar einstaklingar sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins hafa misst atvinnu sína. Annars vegar er að tryggja viðkomandi þau réttindi sem felast í lögnum um atvinnuleysistryggingar um framfærslu en hins vegar að styðja viðkomandi til hæfnisuppbyggingar og virkja hann í atvinnuleit. Nú í vetur hefur kröftunum eðlilega verið beint fyrst og fremst í að afgreiða umsóknir um atvinnuleysisbætur og tryggja með því atvinnulausu fólki lágmarks framfærslu. Nú í kjölfarið mun áhersla stofnunarinnar í vinnumarkaðsúræðum aukast

til muna bæði í ráðgjöf og vinnu-miðlun, samhliða því að tryggja eftirlit með greiðslum atvinnuleysisbóta.

## Mikilvægi vinnumarkaðsúræða

Það verður ekki ofsagt að versti óvinur hvers samfélags er fjölda-



Gissur Pétursson forstjóri Vinnuálastofnunar skrifar

atvinnuleysi og ekki síst ef það dregst á langinn. Atvinnuleysi vegur að sjálfs-virðingu og sjálfsmynd hvers einstaklings og vinnusöm þjóð sem Íslendingar eru getur aldrei sætt sig við langtíma atvinnuleysi sem eðlilegan hluta hins daglega lífs. Samfélög staðna í atvinnuleysi og það getur leitt af sér gífurlegan þjóðhagslegan kostnað og er þá ónefnd sú óhamingja sem birtist

hverjum þeim einstaklingi sem í því lendir.

Markmið vinnumarkaðsúræða eru nokkur, s.s. að viðhalda hæfni og félagslegri virkni, að endurhæfa fólk til nýrra starfa, að vinna gegn langtíma atvinnuleysi og að skapa ný störf. Stjórnvöld, sveitarfélög, stéttarfélög og frjáls félagasamtök hafa góðu heilli brugðist hratt við og leitast við að skipuleggja aðgerðir sem miða að þessum markmiðum. Miðstöðvar fyrir atvinnuleitendur hafa víða verið settar á laggirnar, tilboðum um námskeið hefur stórfjölgað, lögum hefur verið breytt til að rýmka möguleika á hluta-störfum samhliða atvinnuleysi, reglum hefur verið breytt og reglugerðir endurskoðaðar. Allt hefur þetta miðað að því að bregðast hratt við svo atvinnulaust fólk haldi virkni sinni og viljanum til starfsleitar og sjálfshjálpar. Brynt er að á hverjum tíma séu góðar upplýsingar fyrirliggjandi um fjölda atvinnulausa, aldur, menntun, starfsstétt, búsetu, þjóðerni og fleira sem skiptir máli fyrir þá sem stjórna og skipuleggja vinnumarkaðsúræði svo að þau séu í takt við þarfirnar hverju sinni.

Vinnuálastofnun stendur sjálf fyrir umfangsmiklu ráðgjafar- og stuðningsstarfi fyrir atvinnulausa og býður upp á námskeið, vinnuklúbba og fræðslustarf af margvíslegu tagi. Þá á stofnunin í margháttuðu samstarfi við símenntunarmiðstöðvar og fræðslufulltrúa stéttarfélaganna um vinnumarkaðsúræði. Í því samhengi er gott að geta þess að stofnunin hefur átt frábært samstarf við fræðslusetrið Starfsmennt, bæði um vinnumarkaðsúræði fyrir atvinnulausa en ekki þó síst um fræðslu og stuðningsstarf fyrir starfsfólk stofnunarinnar sl. mánuði og misseri.

Þó svo að afar mikilvægt sé að atvinnulausir nýti tímann til að sækja námskeið eða endurmenntun þá er raunin sú að allra árangursríkasta vinnumarkaðsúræðið er starfsþjálfun





Kranarnir eru þagnaðir.

eða átaksverkefni af hverju tagi sem fela í sér beina vinnu.

Vinumálastofnun hefur nú undanfarnar vikur staðið fyrir miklu kynningarstarfi undir heitinu Samvinnan meðal fyrirtækja, sveitarfélaga og opinberra stofnana. Þar er hvatt til þátttöku þessara aðila með stofnuninni í að finna ný óhefðbundin störf og verkefni sem atvinnulausir geta tekið að sér á kjarasamningsbundnum launum gegn móttframlagi sem svarar til atvinnuleysisbóta viðkomandi einstaklings. Viðbrögð hafa verið góð og reynslan hefur verið sú undanfarnar ár að verkefni sem þessi leiða oft til þess að úr verða störf til frambúðar.

### Vinumarkaður framtíðar

Þó svo að nú þrengi að á íslenskum vinnumarkaði og efnahagslífi þá er nauðsynlegt að missa ekki móðinn. Við megum ekki gleyma okkur í vandamálum dagsins í dag heldur verðum við líka að horfa fram á veginn.

Íslendingar hafa í gegnum tíðina byggt upp vinnumarkað sem er til fyrirmyndar fyrir margra hluta sakir. Vinnumarkaðurinn er skipulagður og um hann ríkir almenn samstaða og sátt. Undirstaða þess eru öflug stéttarfélag með félagsaðild langflestra launamanna, skipulögð samtök atvinnurekenda og miðlægir kjarasamningar sem varðir eru með lögum. Hefð er fyrir þríhliða samstarfi aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins um

regluverk og setningu laga um hann. Þessu skipulagi þarf að halda.

Framundan er hörð samkeppni um vinnuafli meðal vestrænna þjóða, m.a í umönnunargreinum. Íslendingum á vinnumarkaði mun fjölga tiltölulega hægt á næstu árum og áratugum. Stórir árgangar hverfa af vinnumarkaði vegna aldurs og nýir sem koma í staðinn eru tiltölulega fámennir.

Vinnuframlag erlends starfsfólks verður ein meginforsenda hagvaxtar og þrátt fyrir að mörgum þyki um þessar mundir of mikið af erlendum ríkisborgurum á íslenskum vinnumarkaði þá munum við þurfa á útlendingum að halda svo um munar á komandi árum og áratugum. Ísland þarf líka að laða til sín vel menntað fólk hvaðanæva að úr heiminum og það er ekki hægt að gera með því að lofa hlýju loftslagi eða auðveldu tungumáli. Við eigum heldur ekki að bjóða fyrirtækjum láglaunaumhverfi eða afslátt í vinnuáðstæðum og öryggismálum. Það sem við getum gert er að bjóða gott mennta-, heilbrigðis- og húsnæðiskerfi, skipulagðan og réttlátan vinnumarkað og vonandi þökkalega síðmenntað samfélag. Einkum og sér í lagi þurfum við þó að geta boðið upp á skemmtileg og spennandi störf á nýjum vaxtarsviðum, s.s. í örtækni, umhverfistækni, nethönnun og við tölvuleikjaskrif.

Um þetta eiga og geta Norðurlöndin sameinast sem vaxtarsvæði í samkeppni við aðra heimshluta og við eignum að stuðla að því.

### Formenn aðildarféлага BSRB



**Starfsmannafélag  
Húsavíkur  
Stefán Stefánsson**



**Starfsmannafélag  
Kópavogs  
Jófríður Hanna Sigfúsdóttir**



**Starfsmannafélag  
Mosfellsbæjar  
Edda R. Davíðsdóttir**



# Félagsmálaskóli alþýðu

Félagsmálaskóli alþýðu er starfræktur af Alþýðusambandi Íslands og BSRB. Hlutverk hans er að auka þekkingu talsmanna stéttarféлага og efla þá í starfi til þess að þeir séu betur í stakk búnir að vinna að bættum lífskjörum launafólks.

## Starf og þjónusta skólans

Félagsmálaskólinn skipuleggur námskeið og fræðslu út frá þörfum og aðstæðum aðildarféлага fyrrgreindra sambanda. Þá er í boði ráðgjöf fyrir stéttarfélög varðandi uppbyggingu fræðslu og hvernig þau geta nýtt sér hana til að efla og móta starfið.

## Félagsmálaskólinn býður upp á námskeið fyrir:

- Trúnaðarmenn
- Stjórnarmenn
- Starfsfólk stéttarféлага

*Á hverri önn eru sérhæfð námskeið í boði fyrir alla talsmenn stéttarféлага. Á þeim er lögð áhersla á hefðbundna félagslega fræðslu. Jafnframt er boðið upp á námskeið sem taka á mállefnum sem eru í brennidepli hverju sinni. Stéttarfélög geta pantað námskeið til að móta starf og stefnu og styrkja talsmenn sína.*



Félagsmálaskóli  
alþýðu





*Það er iðulega þétt setinn bekkurinn á starfslokanámskeiðum BSRB.*

## Starfslokanámskeið BSRB

Starfslokanámskeið BSRB sem haldin eru í BSRB - húsinu á hverju hausti hafa slegið í gegn og hafa undanfarið færri komist að en vildu. Hámarksfjöldi þátttakenda á námskeiðunum er um hundrað talsins þar sem ekki komast fleiri fyrir í stóra fundarsalnum.

Það var upp úr miðjum tíunda áratug síðustu aldar að BSRB byrjaði að bjóða upp á ókeypis starfslokanámskeið fyrir félagsmenn bandalagsins sem eru að nálgast starfslok og maka þeirra.

Það verður mikil breyting á högum fólks þegar það lætur af störfum vegna

aldurs og tekst einstaklingum misvel að vinna úr því. Oftast er fólk enn við hestaheilsu þegar að starfslokum kemur og er þá mikilvægt að finna sér eitthvað til að fást við. Margur á sér áhugamál sem hann getur sinnt betur við þessi tímamót.

Námskeiðið er í þrjá eftirmiðdaga og er þar fjallað um ýmsar hliðar þess að eldast og láta af störfum. Fjallað er um almannatryggingakerfið og lífeyris-sjóðskerfið, þjónustu sveitarfélaga við aldraða, félög aldraðra og hvað í boði er á þeim vettvangi. Að undanfögnu hefur Rauði krossinn notað þennan vettvang til að kynna sjálfbodaliðastarf á vegum hans, en undanfarin ár hefur fólk sem hætt hefur störfum vegna aldurs orðið mjög virkt í starfi Rauða krossins.

Þá fjallar öldrunarsálfræðingur um andlega þáttinn við öldrun og hvað fólk getur gert til að takast á við þá breytingu sem verður á högum þess.

Lokadag námskeiðsins er fjallað um ýmis mál sem tengjast starfslokum og öldrun og hefur Þórir S. Guðbergsson fyrrum yfirmaður öldrunarmála í Reykjavík annast þann þátt, en á fyrstu árunum sá hann alfarið um námskeiðið. Námskeiðið endar svo yfirlétt á því að þátttakendur taka sporið, eða með „Dansur aftaná“, eins og Færeyingar segja.



*Þórir S. Guðbergsson hefur verið leiðbeinandi á starfslokanámskeiðum BSRB frá upphafi.*

### Formenn aðildarféлага BSRB



**Starfsmannafélag  
Reykjavíkurborgar  
Garðar Hilmarsson**



**Starfsmannafélag  
Ríkisútvarpsins  
Gunnar Magnússon**



**Starfsmannafélag  
Seltjarnarness  
Ingunn Hafdís Þorláksdóttir**

## Starfsnám stuðningsfulltrúa haustið 2009

Opnað hefur verið fyrir skráningar í starfsnám stuðningsfulltrúa, grunn- og framhaldsnám og félagsliðabré.


**Grunnnámið** hefst í Reykjavík 31. ágúst. Hér er um að ræða 160 stunda nám þar sem kennt er á morgnana aðra hverja viku til 11. des. Markmið námsins er að auka þekkingu og færni þeirra starfsmanna sem starfa í þjónustu við fatlaða, aldraða eða sjúka. Hægt er að skrá sig á heimasíðu Starfsmenntar þar sem einnig má nálgast stundaskrá, námslýsingu og allar frekari upplýsingar. Sækja þarf um námið fyrir 30. júní nk.

**Framhaldsnámið** er ætlað þeim sem lokið hafa grunnnáminu. Um er að ræða 80 stunda nám sem hefst 5. okt. í Reykjavík. Þátttakendur skrá sig á heimasíðu Starfsmenntar þar sem einnig má nálgast stundaskrá, námslýsingu og allar frekari upplýsingar.

**Félagsliðabré** fyrir verðandi félagsliða. Starfsmennt býður upp á brúarnám fyrir verðandi félagsliða í samstarfi við Borgarholtsskóla þar sem starfsnám stuðningsfulltrúa, grunnur og framhald er metið til eininga. Brúin felur í sér mat á námi félagsliðabrautar, sem er í heildina 78 einingar í 32 einingar á grundvelli ákveðinna skilyrða. Um er að ræða staðbundið nám og dreifnám sem er fjarkennt að mestu leyti.

Allar upplýsingar um námið, stundaskrá sem og umsóknareyðublað má nálgast á vef Starfsmenntar. Umsókn um skal skila inn til Borgarholtsskóla fyrir 12. júní nk. Frekari upplýsingar veitir Sigrún kennslustjóri námsins í síma 535 1700 og starfskonur Starfsmenntar í síma 525 8395.

[www.smennt.is](http://www.smennt.is)







*Orlofshús BSRB í Stóruskógum.*

## Breyting á orlofshúsamálum hjá BSRB

Um síðustu áramót var sú breyting gerð á orlofshúsamálum hjá BSRB að aðildarfélög bandalagsins tóku við rekstri flestra orlofshúsanna í Munaðarnesi og á Eiðum.

BSRB er enn með húsin í Stóruskógum, en þau eru 17 talsins. Þá er BSRB með fjögur lítil hús í Munaðarnesi auk þess sem húsi staðarhaldara hefur verið breytt í orlofshús til útleigu og nefnist það Reynihlíð. Þá er BSRB með eitt hús á Eiðum.

Hús BSRB geta allir félagsmenn leigt í gegnum heimasíðu BSRB.

Vikuleigan í Stóruskógum er 21 þúsund krónur, litlu húsin í Munaðarnesi eru leigð á 15 þúsund vikan og vikuleiga í Reynihlíð er 35 þúsund krónur, en þar er svefnpláss fyrir um 10 manns. Húsið á Eiðum er ekki til útleigu á vegum BSRB í sumar þar sem það hefur verið framleigt.

Með breytingunum um áramótin tóku aðildarfélögin við öllum öðrum húsum og sjá um útleigu á þeim, auk þess sem rekstur þeirra er á vegum tveggja rekstrarfélaga.

### Formenn aðildarfélaga BSRB



Starfsmannafélag  
Skagafjarðar  
*Árni Egilsson*



Starfsmannafélag  
Suðurnesja  
*Ragnar Örn Pétursson*




Starfsmannafélag  
Vestmannaeyja  
*Unnur Sigmarsdóttir*

### Formenn aðildarfélaga BSRB



Tollvarðafélag Íslands  
*Ársæll Ársælsson*

**Munið  
1. maí kaffi  
í BSRB - húsinu  
Grettisgötu 89  
að loknum  
útifundi  
á Austurvelli**

|   |                |                                    |                           |                         |                          |                          |                                  |                          |                       |
|---|----------------|------------------------------------|---------------------------|-------------------------|--------------------------|--------------------------|----------------------------------|--------------------------|-----------------------|
|  |                | VAN-<br>ÞOKNUN<br>BELTI            |                           | ↓ AÐFERÐ<br>LÁN         |                          | ↓ BORDA<br>DRASL-<br>INU | AKAFAR                           | TRYLLI<br>GRATA          | FLJÓT-<br>IÐ          |
|   |                | →                                  |                           |                         |                          |                          | →                                |                          | 3                     |
|   |                | GÓÐU<br>BLAUTRI                    |                           |                         | SKORÐ-<br>AÐAR<br>HÖLF   |                          | NES-<br>ODDINN                   |                          |                       |
| FULL-<br>KOMNA<br>STING   | ↓              | MIS-<br>TEKST<br>TEGLIND<br>ORUNNI | PEGAR                     |                         |                          |                          |                                  |                          | BRAGÐ                 |
|   |                |                                    |                           |                         | VANDR-<br>ÆÐI            |                          | KVEIKUR<br>LÖB-<br>SKINN         |                          | FLJÓT-<br>UR          |
|   |                |                                    | KNEPA<br>INN              |                         |                          | GANG-<br>HLJÓÐ<br>PÚKI   |                                  | VATNA-<br>GRÖÐUR<br>BOLA | 5                     |
| MJÚKI<br>TRÖLL-<br>KONA   |                |                                    |                           | LEIT<br>LÖGMÁL          |                          | FINIR<br>SÖNG-<br>RODD   | 10                               |                          |                       |
|   |                | OHREINK-<br>IR<br>TUNGL            |                           |                         | SYNGJA<br>KASSU          |                          |                                  | EYÐA<br>ÖÐAR             |                       |
| EINNIG<br>RYMJA   |                |                                    |                           | MANN-<br>NAEN<br>FRA    |                          | 8                        | TOGAÐI<br>SEM                    |                          | BLÖSKRA               |
| SLÁ<br>BERG-<br>MÁL   |                | NARTA<br>FISK                      |                           |                         | DRYKKUR<br>DRÖTT-<br>INS |                          | SKOR-<br>DYR<br>MYNNI            |                          | HRÓS-<br>AÐI          |
|   | ↓              | FERSK                              | SVIF<br>DYGG              |                         |                          | KYRRÐ<br>INN-<br>HEIMTA  |                                  | NESTIS-<br>POKA<br>HETTA |                       |
|   |                |                                    |                           | SÁÐ-<br>LAND<br>LÖGLEGT |                          |                          | BRUÐLA-<br>VANIR                 |                          | REYKJA                |
| EYÐIST<br>GREMJA<br>RYK-<br>KORN  |                | ISKUR<br>SPURÐI                    |                           |                         | INN-<br>YFLI<br>ÖREIÐA   |                          |                                  | DÆLD<br>GÓÐAR            |                       |
|   |                |                                    | MORAR<br>LEIK-<br>FÖNG    |                         |                          | LJÓM-<br>AÐI<br>GERAST   | 2                                |                          | ATT<br>KIRT-<br>ILL   |
|   |                |                                    |                           | NIREFILL<br>RIÐA        |                          |                          | ÆTT<br>MEDAL                     |                          | LAUG<br>VARD-<br>ANDI |
| RAF<br>FJÖLDI   |                |                                    |                           |                         | VANDR-<br>ÆÐI<br>FÆÐA    |                          |                                  |                          | TRÖLL<br>GELT         |
| SIGAÐI<br>EJEL<br>FOR-<br>FEBUR   |                |                                    |                           | STÚLKA<br>SVELLS        |                          | 7                        | MYR-<br>SKURÐAR<br>ÖKU-<br>MANNS |                          | AUKA-<br>SÖL<br>DULU  |
|   |                |                                    | SPIL<br>AFKIMI            |                         |                          | SKEXKJU<br>EKRAN         |                                  | LÆKKIN<br>MERK           | 4                     |
|   |                | VARPA<br>KÚPTIR                    |                           |                         |                          | VARN-<br>INGUR<br>KRAFS  |                                  | ÆTÍÐ<br>HRAÐI            |                       |
| TYFI-<br>HLJÓÐI<br>FLUGL<br>PRÖNG   |                |                                    | SVALLI<br>PRÖTTA<br>FELAG |                         |                          |                          | ALIM-<br>INGJA<br>TÓMT           |                          |                       |
|   | SKARÐ<br>NAUMT | 6                                  |                           | HLUT-<br>VERK<br>NALÆGT |                          |                          |                                  | STERT-<br>UR<br>HITTA    | ✓                     |
|   |                |                                    |                           |                         | BLÓMUM<br>KLISK          |                          |                                  | RISPA<br>EYRI            | ✓                     |
| VÍSAN<br>GUBBI  |                |                                    | ÞJALF-<br>AK<br>LEIÐSLA   |                         |                          |                          | HREINT<br>ÖSLAÐI                 |                          | ÁSAKA                 |
|   |                | KINDIN                             |                           |                         |                          | 9                        | UGGUR                            |                          | REYTA                 |
| GATI<br>LÖÐD-<br>ARA  |                |                                    |                           | LÖGUN                   |                          |                          |                                  | SYNDA-<br>KVITT-<br>UN   |                       |



# RITARA- OG SKRIFSTOFUSTJÓRANÁM

Námið er í samvinnu Framvegis og Verzlunarskóla Íslands og er blanda af staðbundnu námi í Verzlunarskólanum og fjarnámi í WebCT kerfinu. Námið er einingabært (22 einingar) og dreifist á þrjár annir. Staðbundnar lotur eru 3x tveir virkir dagar á hverri önn og fjarnámið er stundað þess á milli.

Námið skiptist þannig:

## **BÓK113 Bókfærsla**

Markmið áfangans er að nemendur geti lesið úr reikningum fyrirtækja og stofnana, geti fært bókhald, merkt reikninga og hafi grundvallarþekkingu á áætlanagerð.

## **ENS173 Viðskiptaenska og ritað mál**

Markmiðið er að efla orðaforða og þar með læsi á ensku sem og ritun bréfa á málinu.

## **ÍSL173 Íslenska til bréfa- og skýrsluskrafa**

Farið er í almenna uppsetningu bréfa og skýrslna og margvísleg frágangs- og framsetningaratriði þjálfuð

## **TÖN141 Power Point og Publisher**

Markmið áfangans er að nemendur geti nýtt sér glærugerðarforritið til að útbúa kynningar og þekki helstu möguleika þess. Einnig er lögð áhersla á að nemendur þekki grunnatriði í umbrotsforritinu Publisher og geti aðlagð tilbúin form að eigin þörfum.

## **LÍB101 Líkamsbeiting og vinnustellingar.**

Meginmarkmið áfangans er að kenna nemendum mikilvægi réttar líkamsbeitingar í leik og starfi. Fjallað er um rétta líkamsstöðu svo og vinnustellingar við hin ýmsu störf.

## **SAM103 Samskipti á vinnustað og við viðskiptavinum, samtalstækni**

Fjallað er um samskipti á vinnustað, hvernig tekið er á móti viðskiptavinum og hvernig takast eigi á við erfiða viðskiptavinum. Fjallað er um ýmsar vinnustaðakenningar, lausn ágreiningsmála og samtalstækni.

## **SIÐ102 Siðfræði**

Fjallað um helstu gildi í mannlegum samskiptum, verðmæti og fjölmenningu. Tekist á við vandamál sem koma upp í starfi tengdum virðingu fyrir einstaklingnum og trúnaðarskyldu. Mikil áhersla lögð á umræður og sjálfstæða nálgun þátttakenda



## **SKY101 Skyndihjálpar**

Undirstöðuatriði skyndihjálpar kennd. Námið er í umsjón Rauða krossins.

## **TÖN103 Ritvinnsla, excel og tölvupóstur**

Markmið áfangans er að nemendur geti nýtt sér ritvinnslu við uppsetningu, umbrot, frágang og vistun skjala. Farið verður í helstu grunnatriði Excel s.s. almenna gagnaúrvinnslu, gerð og mótun formúlna. Ennfremur verður farið í meðferð og flokkun tölvupósts.

## **STJ101 Stjórnun**

Fjallað er um helstu stjórnunarkenningar, stjórnunaraðferðir og mismunandi stjórnunarstíla. Grunnatriði stefnumótunar verða jafnframt til umfjöllunar.

## **UMH101 Umhverfisfræði**

Fjallað verður um stefnumótun í umhverfisfræði, vistvæn umgengni og endurvinnslu.

## **Skráning í ritara- og skrifstofustjóranám**

Umsóknarfrestur er til 2. september 2009.

Nánari upplýsingar og skráning:  
Framvegis miðstöð um símenntun.  
Síðumúli 6, 108 Reykjavík. Sími 581 4914.  
Netfang: framvegis@framvegis.is

SÉREIGN  
LSR



## séreign á traustum grunni

### SÉREIGN Á VERÐTRYGGÐUM INNLÁNSREIKNINGI

Séreign LSR tekur við frjálsum viðbótarlífeyrissparnaði sjóðfélaga. Boðið er upp á þrjár ólíkar fjárfestingarleiðir, þar af tvær sem fjárfesta í verðbréfum: leið I og leið II.

**Leið III ávaxtar séreignarsparnaðinn eingöngu á verðtryggðum innlánsreikningum. Reikningarnir bera bestu fánlegu vexti hverju sinni og eru að fullu tryggðir af ríkissjóði samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands frá október 2008.**

Kostir séreignarsparnaðar eru ótvíræðir. Launagreiðandi greiðir kjarasamningsbundið mótframlag sem nemur allt að 2% af heildarlaunum. Skattalegt hagræði myndast þar sem iðgjald er ekki skattlagt við innborgun. Ekki er greiddur fjármagnstekjuskattur af séreignarsparnaði og sparnaðurinn skerðir hvorki barna- né vaxtabætur.

KYNNTU ÞÉR SÉREIGN LSR Í SÍMA: 510 6100